


#höfumhátt

Fólkið sem felldi ríkisstjórnina



Fjölskylda **Nínu Rúnar Bergsdóttur** er staðráðin í því að halda áfram að hafa hátt og krefjast breytinga á lögum um uppreist æru. Í þrjú mánuði hefur hún krafist aðgangs að upplýsingum frá stjórnvöldum. Dómsmálaráðuneytið dregur að afhenda gögn sem varða annað áþekkt mál. ➔ 8 og 30



Boðar til kosninga
Forsætisráðherra vill kosningar fljótlega.
➔ 4, 6, 10, 12



Varð nítján ára stjórnandi
í stóru fyrirtæki
Alda Karen Hjaltalín.
➔ 28



Síðasta för Cassini
Ævintýralegar uppgötvanir í geimnum.
➔ 36

PLÚS 2SÉRBLÓÐ • FÓLK • ATVINNA

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**FLOKKURINN ER
ÓSKEIKULL OG
ÓDAUÐLEGUR**
MIÐASALA Í FULLUM GANGI



Veður



Sunnanátt, nokkuð hvöss norð-vestan til á landinu. Bjart með köflum austanlands, en væta vestan til og rigning um tíma á Norðurlandi. Híti 12 til 20 stig. **SJÁ SIÐU 45**

Ráðherra og nefndin fóru ekki að lögum

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði í gær ríkið af miska- og skaðabótakröfum Ástráðs Haraldssonar og Jóhannesar Rúnars Jóhannssonar. Báðir höfðu verið metnir hæfastir af dómnefnd um hæfi dómara við Landsrétt.

Í niðurstöðu dómsins kemur fram að matsaðferð dómnefndarinnar hafi ekki verið í samræmi við þær reglur sem um matið gildi. Nefndinni hafi borið skylda til að leggja efnislegt mat á eiginleika og færni hvers og eins umsækjanda út frá fyrirbyggjandi umsóknargögnum.

Dómurinn tók einnig fram að málsmeðferð ráðherra í kjölfar þess hefði verið í andstöðu við ákvæði laga um dómstóla sem og skráðar og óskráðar meginreglur stjórn-sýsluréttarins. Með því hefði hún brotið gegn umsækjendunum með saknæmum og ólögum hætti.

Hins vegar var ekki fallist á bóta-kröfu þeirra þar sem þeim hafði ekki tekist að færa sönnur á að líklegt væri að þeir hefðu orðið fyrir tjóni. Þau gögn sem voru lögð fram hafi ekki nægt til að sanna tjónið. Þá taldi dómurinn að meðferð ráðherra hefði verið með þeim hætti að ekki væri unnt að dæma miska-bætur. Sú ákvörðun ráðherra að auka vægi dómara-reynslu hefði ekki beinst gegn hæfni þeirra eða persónu.

Ástráður Haraldsson hefur þegar ákveðið að áfrýja niðurstöðu bótahlutans til Hæstaréttar.

–jóe



Ástráður Haraldsson, hæstaréttar-lögmaður

Æft fyrir stórtónleika



Páll Óskar Hjálmtýsson kemur fram á tónleikum í Laugardalshöllinni í kvöld. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í vikunni ætlar hann sér að taka íslenskt tónleikahald á næsta stig og lofar því að sýningin verði engu lík. Til marks um það má benda á að fjaðrahamurinn sem Páll Óskar skartar á þessari mynd vegur um fimmtán kíló. Sex mánuðir fóru í að hanna búninga söngvarans fyrir tónleikana.

Maður fórst í bruna á Héraði

BRUNI Maður fórst í eldsvoða á sveitabæ í Fljótshéraði á fimmtudag. Kennslanefnd ríkislögreglustjóra þarf að staðfesta hver maðurinn er en miklar líkur eru taldar á að hann hafi verið íbúi hússins.

Samkvæmt tilkynningu lögreglunnar á Austurlandi var slökkvilið kallað að bænum rétt fyrir hádegi. Íbúðarhúsið var þá alelda og maðurinn látinn. Tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu rannsakar vettvang brunans ásamt rannsóknardeild lögreglunnar á Austurlandi.

Starfsmaður embættisins sagði í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi að óvist væri hvenær rannsókninni lyki. –hg

» Húsið var alelda þegar slökkviliðsmenn bar að garði.

Leirfinnur í fyrsta sinn fyrir almenningssjónir

Hinn goðsagnakenndi Leirfinnur verður sýndur á sýningu ljósmyndarans Jacks Letham um Guðmundar- og Geirfinnsmál í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Styttan olli miklum usla á sínum tíma og hefur valdið mönnum heilabrotum alla tíð.

SAKAMÁL Almenningi gefst nú í fyrsta sinn kostur á að berja hinn goðsagnakennda Leirfinn augum. Þessi fræga styttan verður til sýnis á Ljósmyndasafni Reykjavíkur sem hefur styttna að láni frá Þjóðskjalasafni Íslands í tilefni af ljósmynda-sýningu Jacks Letham, Mál 214.

Leirstyttan var mótuð strax á upphafsdögum rannsókna Geirfinnsmálsins. „Það var listakona hér í bænum sem tók sig til og mótaði höfuð mannsins í leir með aðstoð þessara sjónarvotta,“ sagði Valtýr Sigurðsson, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík á blaðamannafundi sem haldinn var sléttri viku eftir hvarf Geirfinns. Valtýr vísaði þar til manns sem kom í Hafnarbúðina að kvöldi 19. nóvember og fékk að hringja þar. Grunur lék á að hann hefði hringt í Geirfinn sem átti stefnumót í Hafnarbúðinni á sama tíma.

Það hefur hins vegar alltaf þótt sérstakt að lykiltitnið í Hafnarbúðinni kom ekki að gerð styttnar. „Mér er minnisstætt að ég sýndi henni þetta leirhöfuð þegar það var fullmótað og þá sagði hún mér að þetta væri ekki líkt manningum,“ sagði Haukur Guðmundsson, rannsóknarlögreglumaður í Keflavík, í viðtali í heimildarmyndinni Aðför að lögum frá 1997. Þrátt fyrir þetta var ákveðið að sýna styttna.

Svo tóku ábendingar að streyma til lögreglu úr flestum landshlutum, og allur þungi rannsóknarinnar fór í að finna þennan dularfulla mann. Mörgum þótti styttnan líkjast Magnúsi Leópoldssyni og þær kenningar að unnið hafi verið eftir mynd af honum hafa lifað góðu lífi alla tíð.



Kristin Hauksdóttir og Helga Gylfadóttir, starfsmenn Ljósmyndasafns Reykjavíkur, koma Leirfinni fyrir á safninu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

» Mér er minnisstætt að ég sýndi henni þetta leirhöfuð þegar það var fullmótað og þá sagði hún mér að þetta væri ekki líkt manningum.

Haukur Guðmundsson, rannsóknarlögreglumaður, árið 1997

Enda fóru sögusagnir um aðild Magnúsar og svokallaðra Klúbbmanna að hvarfinu að heyrast víðar í samfélaginu, strax á þessum fyrstu dögum eftir hvarfið. Þær sögur drógu mikinn dilk á eftir sér og ollu því að málið varð háþólitískt og ríkisstjórn Ólafs Jóhannssonar stóð á barmi hengiflugs vegna málsins. Löngu síðar voru Erla Bolladóttir,

Sævar Ciesielski og Kristján Viðar Viðarsson dæmd fyrir meinsæri, með því að hafa borið rangar sakir á Magnús og aðra Klúbbmenn.

Til eru skýrslur manns sem gerði tilkall til að vera Leirfinnur, en sá átti leið til Keflavíkur og fékk að hringja í sjoppu. Hann var í leðurjakkka áþekktum þeim sem vitni sögðu Leirfinn hafa verið í. Vitnin í Hafnarbúðinni fengu þó ekki að sjá þennan umrædda mann.

Í dómi Hæstaréttar var miðað við að Kristján eða Sævar hefðu fengið að hringja í Hafnarbúðinni umrætt kvöld í nóvember 1974. Það aftakur lykiltitnið í Hafnarbúðinni hins vegar enda þekkti hún þá báða í sjón og hefði getað sparad leirlistakonunni ómakíð, ef um þá hefði verið að ræða.

adalheidur@frettabladid.is / sjá síðu 24

Apótek
Garðabæjar

Gríptu lyfin á leiðinni heim
Apótek Garðabæjar í alfaraleið



Litlatún 3, Garðabæ | Sími 577 5010



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

HYBRID HELGI

YARIS | AURIS | PRIUS | C-HR | RAV4

16.-17. SEPTEMBER HJÁ VIÐURKENNDUM SÖLUAÐILUM TOYOTA Á ÍSLANDI*



Sérstakt sýningartilboð verður á öllum Hybrid bílum.

Með hverjum keyptum Hybrid bíl fylgir þar að auki Lenovo IdeaPadYoga 520 fartölva frá Nýherja að verðmæti 159.900 kr. Kraftmiklar „Hybrid“ tölvur sem eru alveg útblásturslausar.



Vertu Hybrid-megin í umferðinni.

Helgina 16.-17.* september frá kl. 12-16, bjóðum við þér að koma og kynnast öflugum Hybrid bílum okkar. Þeir eru einstakir hvað varðar tækni, áreiðanleika og lipurð í akstri. Komdu við og taktu snúning í reynsluakstri. Núna er tíminn til að snúa til Hybrid. Við tökum vel á móti þér.

• Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Lenovo



*Opitð á sunnudag
hjá Toyota Kaupúni
og á Akureyri

STJÓRNARSLIT

176

milljónir króna var kostnaður Útlendingastofnunar árið 2016 vegna leigu á gistingu fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. Árið 2014 nam kostnaðurinn 205 þúsundum króna.



17

fangar á dag að meðaltali hafa það sem af er ári afplánað fangelsisdóma sína með raf-rænu eftirliti og bera þeir þá ökklaband.



24

þúsund útlendingar voru á íslenska vinnumarkaðnum í júní og hefur þeim fjölgað um 17 prósent á einu ári. Fjölgunin er 65 prósent síðustu fimm árin.

2,7

milljónir króna greiddu átta ráðuneyti fyrir leigubílaferðir í ágúst. Utanríkisráðuneytið eyddi nær 1,6 milljónum króna.



27

kynferðisbrot hafa komið inn á borð fagraðs íslensku þjóðkirkjunnar um meðferð kynferðisbrota síðustu 10 ár.

Þrjú í fréttum Kæra, týnt fé og mansal

Magnús Gardarsson

fyrirverandi forstjóri United Silicon

var kærður vegna gruns um að hafa dregið sér yfir hálfan milljarð króna frá fyrirtækinu. Því var haldið fram að hann hefði skrifað tilhæfulausa reikninga. Magnús sagði það bull og vitleysu. United Silicon rekur kísilmálmverksmiðju í Helguvík. Félagið óskaði eftir greiðslustöðvun 14. ágúst síðastliðinn.



Svanhildur Konráðsdóttir

forstjóri Hörpu

kvaðst enga persónulega aðkomu hafa átt að málum er varða 35 milljóna króna fyrirframgreiðslu sem tónleikahaldari fékk af miðasölu á tónleika Sigur Rósar sem eiga að fara fram í desember. Greint var frá því í fréttum að milljónanna væri saknað. Í yfirlýsingu Hörpu og Sigur Rósar sagði að unnið væri í anda samvinnu og trausts að tónleikunum.



Alda Hrönn Jóhannsdóttir

aðallögfræðingur lögreglustjóraembættisins á höfuðborgarsvæðinu

sagði að vitað væri um yfir 20 tilfelli mansals á Íslandi. Dæmi væru um vændi í Airbnb-íbúðum. Vísendingar væru líka um vinnumansal.



LEIÐRÉTTING

Villa var í myndatexta á menningarsíðu Fréttablaðsins 14. september. Þar er Magnús Jónsson í hlutverki Isaacs í leikritinu Smán.

Bjarni varð fyrir gríðarlegu áfalli

Einhugur er í þingflokki Sjálfstæðisflokksins um að boða til nýrra kosninga. Formaðurinn leggur til að kosið verði í nóvember. Hann segir það áfall að faðir hans hafi skrifað undir meðmæli fyrir barnaniðing.

STJÓRN MÁL Engin leið er til þess að mynda ríkisstjórn án þess að boða til kosninga, að mati Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins. Þetta var niðurstaða hans eftir að hafa rætt við forystumenn VG, Framsóknarflokksins, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar í gær.

„Ég mun þess vegna beita mér fyrir því að það verði kosið á Íslandi sem allra fyrst. Þessi ríkisstjórn hefur tapað meirihluta sínum í þinginu. Ég sé ekki fram á að ná að styrkja stjórnina aftur til þess að hún hafi stuðning af meirihluta þings,“ sagði Bjarni á blaðamannafundi í Valhöll í gær. Hann sagðist vilja ná sem bestri sátt í þinginu um kjördag. „Ég segi fyrir mitt leyti að ég væri að horfa til þess að við gætum kosið í nóvember,“ bætti Bjarni við.

Stjórn Bjartrar framtíðar tók ákvörðun um að slíta stjórnarsamstarfinu á heimili Óttars Proppé, formanns flokksins, í fyrrakvöld eftir að fréttir bárust af því að Benedikt Sveinsson, faðir Bjarna, hefði skrifað undir umsagnarbréf fyrir dæmdan barnaniðing sem sótt hafði um uppreiðst æru.

Á blaðamannafundinum gagnrýndi Bjarni stjórn Bjartrar framtíðar mikið fyrir ákvörðunina. „Ég lít á það sem mikið veikleikamerki hjá þeim stjórnsmálaflokkum sem bregðast við með því að hlaupa til í framhaldi af sjónvarpsfréttum, gefa sér ekki tíma til þess að setjast niður. Eru komnir í rafrænar kosningar áður en maður hefur tekið eftir því að fundurinn hefur hafist og slíta síðan stjórnarsamstarfinu í raun og veru því sem næst samstundis,“ sagði hann.

Bjarni mun biðjast lausnar fyrir ráðuneyti sitt á fundi með Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands, á Bessastöðum klukkan ellefu í dag.

Birgir Ármannsson, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, segir að það hafi verið algjör einhugur í þingflokknum um þessa niðurstöðu Bjarna.



Bjarni Benediktsson segir að ákvörðun föður hans hafi valdið sér vonbrigðum. „Það var mér áfall að heyra af því. Ég hefði ekki getað sjálfur skrifað undir slíkt meðmælabréf og ég mun aldrei reyna að verja þá gjörð.“ FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Ráðherrar víki strax

Viðreisn vill að stjórnskipunar- og eftirlitsnefndin rannsaki mál er varða veitingu uppreistar æru. Á meðan rannsóknin fari fram geti Bjarni Benediktsson forsætisráðherra og Sigríður Andersen dómsmálaráðherra ekki setið áfram á ráðherrastólum vegna tengsla þeirra við málið. Brynjar Nielsson, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, þurfi jafnframt að vikja sæti.

Ráðgjafarad Viðreisnar telur að í ljósi þeirrar stöðu og trúnaðarbrests sem kominn er upp sé farsælast fyrir þjóðina að þing sé rofið og gengið sé til kosninga.

Ég sé ekki fram á að ná að styrkja stjórnina aftur til þess að hún hafi stuðning af meirihluta þings.


Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins hefur verið auglýstur fyrstu helgina í nóvember. Verði sátt um þá tillögu Bjarna að kjósa í nóvember mun landsfundurinn, þar sem forysta Sjálfstæðisflokksins er kjörin, að óbreyttu fara fram rétt fyrir alþingiskosningar.

Hins vegar kann að vera að lands-

fundinum verði frestað. „Það er umræða sem við eigum eftir að taka. Menn munu taka afstöðu til tíma-setningar landsfundar út frá því hver verður niðurstaðan varðandi kosningarnar. Þá þurfa menn að velja því fyrir sér út frá pólitískum og praktískum forsendum. Því mun skemmri tími sem er til kosninga, þeim mun erfiðara er að koma því við að halda landsfund á þeim tíma,“ segir Birgir.

Bjarni Benediktsson segist ekki geta dæmt um stöðu sína sem formaður Sjálfstæðisflokksins. „Mér líður vel í eigin skinni. Ég hef orðið fyrir áfalli í þessu máli, út af þessum tengslum sem eru í málinu. Það var mér gríðarlega mikið áfall, en það hefur ekkert með mína stöðu sem formaður Sjálfstæðisflokksins að gera.“ jonhakon@frettabladid.is



Þekkir þú orðið mjaðarístra?

Svarið finnurðu í nýrri bók Sölva Sveinssonar um íslenskt mál.

KJÖRIN
TIL GJAFNA





Góður dagur. Glæsilegir bílar.

Hvað segirðu um að kíkja í heimsókn til okkar á milli kl. 12 og 16 í dag? Okkur langar að bjóða þér á bílasýningu þar sem þér gefst kostur á að skoða fjölbreyttan flota bíla frá Mercedes-Benz. Við skulum mæla okkur mót í dag. Við tökum vel á móti þér.

Mercedes-Benz

The best or nothing.



Bókaðu sól í SEPTEMBER

Frá kr.
59.345

21
FYRIR
á flugsæti
m/gistingu

FLUGSÆTI
ÁÐUR KR.
79.900
NÚ KR.
39.950



COSTA DEL SOL

Hotel Roc Costa
Park 🌴🌴🌴+

Frá kr. **64.070**
m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr.
64.070 m.v. 2+2 í svítu.
Netverð á mann frá kr.
78.445 m.v. 2 í herbergi.
17. september í 7 nætur.



KRÍT

Omega
Apartments 🌴🌴🌴

Frá kr. **71.915**
m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr.
71.915 m.v. 2+1 í stúdíó.
Netverð á mann frá kr.
82.845 m.v. 2 í stúdíó.
18. september í 10 nætur.



KRÍT

Stökktu 🌴🌴🌴

Frá kr. **74.995**
m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr.
74.995 m.v. 2 í herbergi.
18. september í 10 nætur.



TENERIFE

Palm Beach
Tenerife 🌴🌴🌴

Frá kr. **59.345**
m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr.
59.345 m.v. 2+2 í stúdíó.
Netverð á mann frá kr.
91.245 m.v. 2 í stúdíó.
23. september í 7 nætur.



KRÍT

Helios
Apartments 🌴🌴🌴

Frá kr. **90.760**
m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr.
90.760 m.v. 2+2 í stúdíó.
Netverð á mann frá kr.
91.945 m.v. 2 í stúdíó.
28. september í 11 nætur.



STJÓRNARSLIT



Fréttamenn tóku á móti Bjarna Benediktssyni forsætisráðherra fyrir utan Valhöll klukkan 11 í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Forystukapall og átök í vændum fyrir kosningar

Formannsstóll Benedikts Jóhannessonar er orðinn verulega heitur og óvíst hvort hann verði formaður í komandi kosningum. Guðlaugur Þór sætir færiss innan Sjálfstæðisflokksins og Sigmundur Davíð útilokar ekki nýtt framboð.

STJÓRN MÁL Gengið verður til þingkosninga eins fljótt og auðið er eftir að Björt framtíð ákvað að slita ríkisstjórnarsamstarfi við Sjálfstæðisflokkinn og Viðreisn. Forsætisráð-

herra vonast til að það geti orðið strax í nóvember. Fyrirséð er að forystukapall og innanflokksátök eru í vændum innan nokkurra flokka fyrir komandi kosningar. Þetta

leiddi athugun Fréttablaðsins í ljós þar sem tekin var staðan á þeim flokkum þar sem vendinga kann að vera að vænta í ljósi yfirvofandi kosninga. mikael@frettabladid.is

Guðlaugur Þór í startholunum

Opinberlega halda Sjálfstæðismenn uppi vörnum fyrir Bjarna Benediktsson sem sjálfur lætur engan bilbug á sér finna. Birgir Ármannsson, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, sagði í samtali við Vísi í gær að Bjarni nyti trausts og trúnaðar í þingflokki líkt og aðrir ráðherrar. Landsfundur flokksins á að fara fram 3.-5. nóvember næstkomandi þar sem meðal annars verður kjörinn formaður. Innan úr flokknum herma heimildir að nafn **Guðlaugs Þórs Þórðarsonar** utanríkisráðherra hafi heyrst ansi oft í samtölum innanflokks um leiðtogaefni undanfarinn sólarhring. Hvort Guðlaugur meti stöðu Bjarna það laskaða eftir stjórnsrslitinn að hann muni taka formannslaginn við hann á komandi landsfundinum á þó eftir að koma í ljós.



Þorgerður og Hanna klárar í slag

Heimildir Fréttablaðsins innan úr Viðreisn herma að mikill þrýstingur sé á **Benedikt Jóhannesson** og formannsstóll hans sé orðinn sjóðheitur. Þung undiralda sé nú með **Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur** að taka við leiðtogaumunum í flokknum. Þorgerður Katrín sjálf er sögð ekki útiloka neitt og reiðubúin að taka slaginn við Benedikt um formannsstólinn ef kallið kemur. Sömu sögu er að segja af þingflokksformanninum, Hönnu Katrínu Friðriksson, og Þorsteini Viglundssyni, sem sögð eru reiðubúin að leida



flokkinn. Lykilfólk í flokknum talar á þá leið að breytinga sé þörf í forystu flokksins fyrir kosningar.

Birgitta hætti og Helgi komi inn

Endurnýjun kann að vera í kortunum hjá forystu Pirata komi til kosninga. Nýkjörinn þingflokksformaður, **Birgitta Jónsdóttir**, hafði fyrir rétt um mánuði lýst því yfir í Fréttablaðinu að hún gæfi ekki kost á sér í næstu kosningum. Í ljósi nýjustu vendinga er ljóst að næstu kosningar verða fyrir en Birgittu grunaði þegar hún gaf þessa yfirlýsingu.

Ekkert fæst uppgefið opinberlega um áform Birgittu en heimildir Fréttablaðsins herma að hún liti svo á að hún sé bundin af fyrri yfirlýsingu. Því er með öllu óvíst hvort hún verði í brúnni. Á móti kemur að nafn Helga Hrafn Gunnarsson er nú sterklega orðað við endurkomu í forystu Pirata. Helgi Hrafnaut mikilla vinsældar á síðasta kjörtímabili og hörmuðu það margir þegar hann tilkynnti að hann gæfi ekki kost á sér í síðustu kosningum. Hann ætlaði að sitja á hliðarlínunni eitt kjörtímabil en þykir líklegur til að snúa aftur.



Sigmundur skoðar nýjan flokk

Þó gróíð hafi að hluta um sár innan raða Framsóknarflokksins í kjölfar mikilla átaka í forystu flokksins og milli fylkinga formannsins, Sigurðar Inga Jóhannssonar, og forvera hans, **Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar**, þá heyrast þar enn óánægjuraddir. Sigmundur Davíð hefur verið orðaður við stofnun nýs stjórnmálaflokks fyrir næstu kosningar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er ekkert útilokað í þeim efnum og það sagður raunverulega möguleiki sem forsætisráðherrann fyrrverandi sé að skoða. Margir veittu því athygli að hann var ekki á fundi þingflokksins á föstudagsmorgun í kjölfar tíðindanna um stjórnsrslit, enda kom á daginn að hann var staddur á Djúpavogi.

Á meðan Sigmundur Davíð lítur út á við, í það minnsta með öðru auganu, þá hafa háværar raddir innan flokksins kallað eftir Lilju Alfreðsdóttur í sæti Sigurðar. Óvíst er með áhuga Lilju á því en ljóst er að Sigurðar Inga kann að biða ærið verkefni við að þetta raðir flokksins fyrir komandi átök.



HEILSUDAGAR

7.-17. SEPTEMBER



NOCCO BCAA DRYKKIR
BCAA + koffín er skothellt kombó.

**NOCCO 24 STK
Í KASSA**
5.500 kr/ks
verð áður ~~7.176~~



SPARKLING ICE
Vítamínvatn, aðeins 12 kaloríur.

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa



GRENADE CARB KILLA
High Protein Bar. Fudge Brownie, Dark Chocolate Mint, Cookies & Cream, Caramel Chaos og White Chocolate Cookie.

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa



OTA HAFFRAMJÖL
Fínt og gróft.

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa



NUTRAMINO PRÓTEIN
5 bragðgóðar tegundir.

1.998 kr/stk
verð áður ~~2.699~~



NUTRILENK
Hefur hjálpað þúsundum Íslendinga sem þjáast af liðverkjum, stírðleika eða braki í liðum.

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa



LIVING INTENSIONS
Lífrænt, gluten frítt og spírað.

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

NÝR JAGUAR F-PACE SPORTJEPPI SEM ÞÚ HEFUR BEÐIÐ EFTIR.



ENNEMM / SIA / NMB4014

F-PACE er fyrsti hraðskreiði jeppinn í Jaguar-fjölskyldunni. Hér er kominn ótrúlega hagkvæmur sportbíll sem sameinar einstaka fegurð og snarpa aksturseiginleika. F-PACE er afar afkastamikill og með honum er hægt að velja aldri eða afturhjóladrif og AdSR-gripkerfi sem greinir mismunandi yfirborð til að tryggja hámarksgríp. Hægt er að velja úr mörgum öflugum vélum sem eyða frá 4,7 l/100 km* og losa frá 139 g/km í blönduðum akstri. Í bílnum er rúmgóð 650 l farangursgeymsla auk þess sem fjölhæf 40:20:40 sætaskipanin býður upp á allt að 1.740 l farangursrými. Aukin þægindi eru fólgin í tómskundalyklinum, vatnsheldu armbandum sem læsir og aflæsir F-PACE. Hægt er að hafa það á sér í stað lykils með fjarstýringu. InControl upplýsinga- og afþreyingarkerfið sér svo um afþreyingu og tengingu til að allir njóti hvernar einustu ökuferðar.

jaguarisland.is

THE ART OF PERFORMANCE

Jaguar F-Pace, sjálfskiptur, dísil: Verð frá 7.690.000 kr.

* Eldsneytisnotkun miðast við uppgefnar tölur frá framleiðanda í blönduðum akstri.



WINNER
WORLD CAR AWARDS

2017 WORLD CAR OF THE YEAR
2017 WORLD CAR DESIGN OF THE YEAR

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





Porsteinn Viglundsson félagsmálaráðherra, Hanna Katrín Friðriksson, þingflokksformaður Viðreisnar, og Karl Pétur Jónsson, aðstoðarmaður Porsteins, sóttu ráðgjafaráðsfund í gær. Ráðið lýsti því yfir að vinnubrögð Sjálfstæðisflokksins í málinu stæðust ekki kröfur Viðreisnar um vandaða starfshætti og gegnsæi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Forystufólk flokka ræddi saman í gær vegna stöðunnar. Hér má sjá Katrínu Jakobsdóttur, formann Vinstri grænna, koma skilaboðum til Sigurðar Inga Jóhannssonar, formanns Framsóknarflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar, sagði í gær að ákvörðun Bjartrar framtíðar um að slíta ríkisstjórnarsamstarfinu hefði komið sér á óvart. Eðlilegt væri að horfa til kosninga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Brynjar Nielsson, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, svaraði spurningum fjölmiðla í gær. Ráðgjafaráð Viðreisnar lýsti því yfir í gær að því fyndist Brynjar eiga að vikja sæti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Bjarni Benediktsson forsætisráðherra hélt blaðamannafund í gær. Á fundinum sagði Bjarni að það væri veikleika-merki hjá stjórn málaöflum að bregðast við með því að hlaupa frá stjórnarsamstarfinu í stað þess að setjast niður og ræða saman. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Stormasamur dagur

Gærdagurinn var viðburðaríkur og sögulegur í íslenskum stjórn málaum. Stjórn málamenn voru margir önnum kafnir við að bregðast við tíðindunum um stjórnarslit. Ljósmyndarar Fréttablaðsins voru á harða-hlaupum um borgina.

Alzheimerdagurinn
21. september 2017
kl. 17:00-19:00

Listir og heilabilun ALZHEIMER
SANTÖKIN
Málþing í Gullteig
Grand Hótel Reykjavík

Dagskrá:

Listir og menning sem meðferð. Hver er kveikjan?
Halldóra Arnardóttir, listfræðingur PhD

Upplifun sem efling minnis

Jón Snædal, öldrunarlæknir á Minnismóttöku LSH á Landakoti

Heilaspuni - tónlist sem tungumál

Sigurður Halldórsson, fagstjóri NAIP meistaranáms LHÍ

Mitt allra besta

Bjartur Guðmundsson, frammistöðubjálfi og leikari

Fundarstjóri Ellý Katrín Guðmundsdóttir, lögfræðingur

Kaffi og meðlæti fyrir fund frá kl. 16:30

Allir velkomnir, aðgangur ókeypis.

HONDA
The Power of Dreams

CIVIC

NÝ OG FERSK HUGSUN

FRÁ UPPHAFI TIL ENDA



HONDA CIVIC

FRÁ KR. 3.130.000



www.honda.is

Honda Civic er bíll sem er allt annað og meira. Hann er sérstaklega fyrir þig. Hann endurspeglar metnað okkar fyrir tæknilegum yfirburðum. Skemmtilegur að keyra, öruggur, áreiðanlegur með pláss fyrir flest, þó sérstaklega – athygli! Fullkomin blanda af krafti, sparneyni og gæðum. Komdu í heimsókn og prófaðu meira af okkar besta til þessa.



Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum

STJÓRNARSLIT

Stjórnarslitin skóku verðbréfamarkaði

Tugir milljarða króna gufuðu upp á hérlandum eignamörkuðum í gær. Verðbréfamiðlari líkir ástandinu við blóðbað. Ávöxtunarkrafa á ríkisskuldabréf rauk upp og gengi hlutabréfa hríðfjell. Greinandi segir pólitíska óvissu ávallt hafa neikvæð áhrif á fjármálamarkaði.

VIÐSKIPTI Fjárfestar brugðust harkalega við fregnum af stjórnarslitum Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar í gær. Tugir milljarða króna gufuðu upp á hluta- og skuldabréfamörkuðum og gengi krónunnar veiktist verulega gagnvart helstu gjaldmiðlum viðskiptaríkja landsins. „Þetta var eins og blóðbað,“ segir verðbréfamiðlari sem Fréttablaðið ræddi við.

Aðalhafgræðingur Íslandsbanka segir áhyggjur af minni stöðugleika í hagstjórninni og pólitíska óvissu hafa stuðlað að verðlækkunum gær-dagsins.

Ávöxtunarkrafa á ríkisskuldabréf hækkaði verulega í viðskiptum á skuldabréfamarkaði í gær. Rauk hún til að mynda upp um 40 til 50 punkta í helstu óverðtrygðu skuldabréfaflokkunum sem þýðir að fjárfestar búast við aukinni verðbólgu og hærri vöxtum.

Viðmælendur Fréttablaðsins segja langt síðan annars eins titrings hafi gætt á skuldabréfamarkaði.

Hlutabréf nánast allra skráðu félaganna í Kauphöllinni lækkuðu í verði í gær og fór úrvalsvisitalan, OMXI8, niður um líðlega 2,9 prósent. Hlutabréf í fasteignafélaginu Eik lækkuðu hvað mest í verði eða um rúm 5 prósent en þar á eftir komu bréf í sjávarútvegsfélaginu HB Granda, sem féllu um 3,8 prósent, og



Fjárfestar tóku ekki vel í fregnir af stjórnarslitum í gær. Til marks um það féllu hlutabréf nánast allra félaganna í Kauphöllinni í verði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nýr hafréttarsamningur?

Líffræðilegur fjölbreytileiki hafsins utan lögsögu ríkja

Málstofa

Haldin í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu föstudaginn 22. september 2017 milli kl. 12 og 13.30

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna er nú unnið að gerð nýs samnings undir hafréttarsamningi S.þ. um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegs fjölbreytileika hafsins utan lögsögu ríkja (BBNJ). Gert er ráð fyrir að gildissvið samningsins verði mjög rúmt og að hann muni hugsanlega ná til alls lífs á úthafinu og á alþjóðlega hafsbotnssvæðinu.

Fjöl mörgum spurningum er enn ósvarað, svo sem:

- Mun hinn nýi samningur ná til fiskveiða á úthafinu?
- Hvaða reglur munu gilda um nýtingu verðmætra erfðauðlinda utan lögsögu ríkja?

Eftirfarandi erindi verða flutt í málstofunni:

- Tómas H. Heiðar, forstöðumaður Hafréttarstofnunar Íslands: Hvað er BBNJ?
- Matthías G. Pálsson, lögræðingur í utanríkisráðuneytinu, formaður sendinefndar Íslands á fundum undirbúningsnefndar um BBNJ: Staða málsins og áherslur Íslands.
- Stefán Ásmundsson, skrifstofustjóri í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu: Fiskveiðar og BBNJ.

Málstofustjóri er Tómas H. Heiðar. Að loknum fyrirspurnum og umræðum verður boðið upp á léttar veitingar.

Allir eru velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

 HAFRÉTTARSTOFNUN
ÍSLANDS

2,9% 5,1% 48

var lækkunin á úrvalsvisitölu Kauphallarinnar.

var lækkunin á gengi hlutabréfa í fasteignafélaginu Eik.

punkta hækkun varð á ávöxtunarkröfu óverðtrygðra ríkisskuldabréfaflokksins RIKB 28.

1,4% 2,2% 3,9%

var hækkunin á gengisvisitölu krónunnar.

var veikingin á gengi krónunnar gagnvart breska pundinu.

var hækkunin á ávöxtunarkröfu óverðtrygðra ríkisskuldabréfaflokksins RIKB 31.

í olíufélaginu N1, sem lækkuðu um 3,6 prósent. Gengi bréfa flestra félaganna hríðfjell um leið og markaðir opnuðu í gærmorgun – og fóru bréf í HB Granda til að mynda niður um 6 prósent – en lækkanirnar gengu að einhverju leyti til baka eftir hádegi.

Til viðbótar veiktist gengi krónunnar umtalsvert gagnvart gjaldmiðlum helstu viðskiptaríkja Íslands. Veiktist gengið um 1,5 prósent gagnvart evru, 0,8 prósent gagnvart Bandaríkjadal og 2,2 prósent gagnvart breska pundinu, svo nokkur dæmi séu tekin.

Jón Bjarki Bentsson, aðalhafgræðingur Íslandsbanka

„Annars vegar vorum við með, þangað til í gær, ríkisstjórn sem virtist ætla að leggja áherslu á aðhalds-sama og markaðsvæna ríkisfjármála-stefnu, með aðhaldi í ríkisfjármálum, hóflegri útgáfu ríkisverðbréfa og jákvæðni gagnvart atvinnulífnum og mörkuðum. Allt eru þetta þættir sem eru til þess fallnir að styðja við markaði. Það má segja að almennt þegar ríkisstjórnir sem eru hægra megin í pólitíska litrófinu komast til valda líta markaðir það að jafnaði jákvæðum augum, en öfugt þegar slíkar ríkisstjórnir fara frá völdum.“

Hins vegar bætist nú við óvissu um hver þróunin verði á hinu pólitíska sviði. Og óvissa sem slík hefur alltaf neikvæð áhrif á markaði.

Þetta tvennt, áhyggjur af minni stöðugleika í hagstjórninni og póli-

Almennt þegar ríkisstjórnir sem eru hægra megin í pólitíska litrófinu komast til valda líta markaðir það að jafnaði jákvæðum augum.

Jón Bjarki Bentsson, aðalhafgræðingur Íslandsbanka



tísk óvissa, virðist nú leggjast á eitt og valda þessari lækkun á hlutabréfum og skuldabréfum sem við höfum séð,“ segir hann.

Jóhann Víðar Ívarsson, greinandi hjá IFS greiningu, segir viðbrögð markaðarins hafa verið sterkari en fyrir fram mátti búast við. „Aukin pólitísk óvissa er vissulega verðlækkandi á fjármálamörkuðum en það kom okkur samt á óvart hve sterk viðbrögðin voru.“

Mér finnst þetta að einhverju leyti vera eins og stormur í vatnsglassi og hef trú á því að markaðurinn eigi eftir að jafna sig að einhverju leyti. Viðbrögð við tíðindum sem þessum eru oft hörðust fyrst en síðan dregur úr þeim,“ segir hann.

Jóhann Víðar bendir á að lítil velta hafi oft verið á hlutabréfamarkaði undanfarnar vikur og eftirspurnarhlíðin verið fremur veik. Lítið hafi því þurft til þess að ýta honum niður á við. „Viðbrögðin í gær eru kannski einkenni þess hvað markaðurinn er veikburða.“

kristinningi@frettabladid.is

Skál fyrir Palla





satt

Verið velkomin á sönn jól á Satt. Við bjóðum upp á hátíðlegt jólahlaðborð allar helgar á aðventunni þar sem þekktustu jazzarar landsins leika sér með jólalögin undir borðhaldi og koma þér í jólaskap. Við bjóðum einnig notalega aðstöðu fyrir stóra sem smáa hópa og hjálpum fyrirtækjum að skipuleggja ógleymanlega jólaupplifun í mat, drykk og skemmtun.



Sími 444 4050, satt@sattrestaurant.is
www.sattrestaurant.is



SLIPPBARINN

Við erum strax farin að skreyta í huganum og getum ekki beðið eftir að stinga jóla-seríunum í samband og taka á móti þér í jólahádegisverð, jólakvöldverð, jólabróns og jólaglög. Komdu með vinahópnum, vinnufélögum eða fjölskyldunni og við setjum saman ómótstæðilega jólamáltíð í mat og drykk úr öllu því besta sem við eigum.



Sími 560 8080, slippbarinn@icehotels.is
www.slippbarinn.is



VOX

RESTAURANT

Jólahlaðborð á Hilton Reykjavík Nordica eða jólakvöldverður á VOX er fullkomin uppskrift að hátíðarstemningu á aðventunni. Dýrindis veitingar í hátíðlegu umhverfi með tónleikadagskrá yfir borðum og dansleik á eftir í boði frábærra skemmtikrafta. Hjá okkur er líka fjölbreytt aðstaða fyrir jólaboð fyrir hópa, allt frá stórfjölskyldunni til stórfyrirtækja.



Sími 444 5050, vox@vox.is
www.vox.is

Hvert ferð þú i jólabod?



**GEIRI
SMART**
RESTAURANT

Við verðum með slífsj, slaufur og borða í hárinu á aðventunni. Pantaðu borð á Geira Smart þegar þú ætlar í miðbæinn að hjálpa til við að búa til jólastemninguna, skoða í búðir og kíkja á fólk. Hópar geta bókað Dönsku stofuna auk þess sem við bjóðum alls konar króka og kima til að halda upp á jólastarfsandann og gleðjast með góðum vinnufélögum.




Sími 528 7050, geiri@geirismart.is
www.geirismart.is

Fjórir skemmtilega ólíkir veitingastaðir með eitt sameiginlegt markmið: Að gera jólin þín gleðilegri.

Nú er rétti tíminn til að bóka borð, borðstofu eða sal fyrir fjölskylduna, vinahópinn eða vinnufélagana um jólin. Skoðaðu jólaveislurnar á www.matarbod.is

GJAFABRÉF



Jólagjöfin í ár

Bjóddu í matarboð með gjafabréfi sem gildir á fjórum frábærum veitingastöðum: VOX, Geira Smart, Slippbarnum og Satt. Þú færð gjafabréfin á www.icelandairhotels.is

Icelandair Hotels

Umfangsmikil leit að hryðjuverkamanni

Sprengjuárás á neðanjarðarlest í Lundúnum er rannsökuð sem hryðjuverk. Hundruð lögreglumanna leituðu árasarmannsins í gær en talið er að hann hafi flúið af vettvangi. Forsætisráðherra gagnrýndi forseta Bandaríkjanna fyrir opinberar getgátur um málið.

BRETLAND Heimatilbúin sprengja særði 29 í neðanjarðarlest í suðvesturhluta Lundúna í gær. Lögregla rannsakar málið sem hryðjuverkaárás en Íslamska ríkið hefur lýst yfir ábyrgð á árásinni.

Vitni að árásinni lýstu því í samtali við BBC að sprengjan hefði litið út eins og fata í innkaupapoka. Kviknað hafi í innihaldi fötunnar en að sögn Franks Gardner, öryggis-sérfræðings BBC, sprakk sprengjan ekki. Ef hún hefði sprungið hefði hún banað öllum þeim sem voru í lestarvagninum.

„Ég sá eldhnött fylla vagninn og hann nálgadist mig. Það var á þeirri stundu sem ég hljóp í burtu. Ég hugsaði hvort einhver gæti verið að elta mig. Einhver með byssu eða hníf. Ég bað til guðs í huganum og hugsaði í smástund að mín síðasta stund væri runnin upp,“ sagði Anna Gorniak, sem var í lestarvagninum, við BBC í gær.

Árasarmaðurinn flúði vettvang en sprengjan var tímastíllt. Er nú umfangsmikil leit gerð að árasarmanninum og hafði hann ekki fundist þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær. Að því er BBC greinir frá rannsaka hundruð lögreglumanna árásina.

Fyrirnefndur Gardner sagði í gær að hundruð lögreglumanna til viðbótar væru að finkemba myndefni úr öryggismyndavélum á svæðinu. Þeir nytu aðstoðar leyniþjónustu-

manna. Enn fremur væri leyniþjónustan MI5 nú að fylgjast með rúmlega 3.000 mönnum á Bretlandi sem vitað er að hafa samúð með hryðjuverkasamtökum.

Þetta er fimmta árás ársins í Bretlandi og sú eina það sem af er ári sem hefur ekki kostað neinn lífið. Samanlagður fjöldi þeirra sem létust í hinum fjórum árasunum er 36. Flestir þeirra létust í árásinni á tónleika í Manchester, 23 talsins.

Þá telur lögregla sig hafa komið í veg fyrir sex árásir til viðbótar. Hinir grunuðu í þeim málum koma fyrir rétt á næstunni.

Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, fordæmdi árásina í gær og sagði hana sýna heigulshátt. Donald Trump Bandaríkjaforseti tjáði sig um árásina á Twitter. Sagði hann að veikt fólk, sem breska lögreglan hefði fylgst með, hefði staðið að árásinni. „Árás í Lundúnum, framin af hryðjuverkaaumingja. Þetta er veikt fólk sem lögregla fylgdist með. Nauðsynlegt að fyrirbyggja!“

Breskir fjölmiðlar gagnrýndu Trump fyrir ummælin og bentu á að lögregla hefði ekki gefið neitt slíkt í skyn. Það gerði May einnig. „Ég held að það hjálpi aldrei til að setja fram getgátur um mál sem er til rannsóknar,“ sagði forsætisráðherrann um ummæli forsetans. Lögreglan í Lundúnum tók undir þau ummæli og sagði ummæli Trumps ekki hjálpa til. thorgnyr@frettabladid.is



Lestarvagninn í Lundúnum var finkembdur í gær og sönnunargagna leitað. NORDICPHOTOS/AFP

Hlutverk Kínverja og Rússa að svara tilrauninni

NORÐUR-KÓREA Yfirvöld í Norður-Kóreu svöruðu nýjum viðskiptaþvingunum í fyrrinótt með sínu lengsta eldflaugaskoti til þessa. Eldflaugin flaug yfir norðurhluta Japans í um 770 kílómetra hæð. Flug hún alls 3.700 kílómetra sem myndi duga til að hæfa eyjuna Gvam. Norður-Kórea hefur ítrekað hótad að ráðast á eyjuna.

Rex Tillerson, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sagði í gær að það væri fyrst og fremst hlutverk yfirvalda í Kína og Rússlandi að reyna að hafa hemil á Norður-Kóreumönnum.

„Þau verða að sýna í verki að tilraunir sem þessar eru óásættanlegar,“ sagði Tillerson og bætti því við að enginn flytti meiri olíu til einræðisríkisins en Kína og að enginn græddi meira á nauðungarvinnu norðurkóreskra borgara en Rússar.

Kínverjar og Rússar voru hins vegar ekki hrifnir af ummælum Tillersons. Hua Chunying, talsmaður utanríkisráðuneytis Kína, sagði ríki sitt ekki miðpunkt þessara deilna. „Allir aðilar ættu að sýna ábyrgð. Það hjálpar engum að reyna að firra sig ábyrgð.“

Maria Zakharova, talsmaður utanríkisráðuneytis Rússlands, tók í sama streng. „Því miður er herská



Bandaríkjamenn vilja að Kínverjar og Rússar ráði för. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

orðræða það eina sem kemur frá Washington.“

Moon Jae-in, forseti Suður-Kóreu sem byggði kosningabaráttu sína á því að lofa bættum samskiptum við norðrið, hélt neyðarfund vegna eldflaugartilraunarinnar. Sagði hann á fundinum að í ljósi aðstæðna væri algjörlega ómögulegt að eiga í vitrænum samræðum við yfirvöld í Norður-Kóreu. – þea

Vilja svipta Katalóníu fjárræði

SPÁNN Yfirvöld í Katalóníuhéraði á Spáni hafa frest þangað til á sunnudag til að hætta við fyrirhugaða atkvæðagreiðslu um sjálfstæði. Annars mun héraðið verða svipt völdum yfir eigin fjárhag. Þetta tilkynnti Cristóbal Montoro, fjármálaráðherra Spánar, í gær en spænska ríkisstjórnin litur á atkvæðagreiðsluna sem ólöglega.

Katalónska þingið samþykkti á dögunum að efna til atkvæðagreiðslu í héraðinu um sjálfstæði frá Spáni og benda skoðanakann-

anir til þess að mjótt sé á munum. Atkvæðagreiðslan á að fara fram þann 1. október næstkomandi.

Stuðningsmenn Carles Puigdemont, forseta Katalóníu, hræðast hins vegar ekki afarkosti Spánverja. Á stuðningsmannafundi í gær hrópuðu þeir „sjálfstæði“, „við munum kjósa“ og „við erum óhrædd“, að því er AFP greinir frá.

Sjálfur hvatti Puigdemont sem flesta til þess að kjósa. „Kjósið, og með því munuð þið leiða Katalóníu út úr margra ára myrkrri.“ – þea



Vítamíndagur

20–30%

afsláttur af öllum vítamínum
há Lyfjum & heilsu til 9. okt.

Lyf & heilsa
Við hlustum!

Nýr Hyundai i30.

Hinn nýi fólkabíll.



Verð frá:
2.990.000 kr.

Hyundai i30 er hinn nýi fólkabíll.

Glæsileg tímalaus hönnun, fullkomið upplýsinga- og afþreyingarkerfi og snjall öryggisbúnaður. Hægt er að velja úr úrvali sparneytinnna bensín- og dísilvéla sem eyða frá 3,6l/100 km. Komdu og reynsluaktu hinum nýja fólkabíll sem kostar aðeins frá 2.990.000 kr.

Hyundai | Kaupþúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is



Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur. Athugið að 5 ára ábyrgðarskilmálar Hyundai ná eingöngu yfir Hyundai bifreiðar sem eru seldar af viðurkenndum Hyundai söluaðila til endanlegs viðskiptavinar.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

SEPTEMBER
TILBOÐ
BRIMBORGAR



FOCUS ST-LINE

SPORTLEGUR LÚXUS

Ford Focus ST-Line er sérstök útfærsla af Ford Focus. Ford Focus ST-Line er sportlegur í útliti með álpedulum og sportstýri. Hann er sérlega skemmtilegur í akstri með hinni aflmiklu og margverðlaunuðu 150 hestafla EcoBoost vél. Sportleg sætin auka enn frekar á akstursánægjuna. Ford Focus ST-Line er vel búinn, með sportfjöðrun og stútfullur af sportlegum eiginleikum.

FORD FOCUS ST-LINE FRÁ 3.390.000 KR.

TILBOÐSVERÐ FRÁ:

2.990.000 KR.

Tilboðið gildir um bíla sem til eru á lager og afhentir í september.

**SPARAÐU
400.000 KR.**

ST-Line búnaður

- 150 hestafla EcoBoost vél
- 8" snertiskjár í miðjustokk
- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- SYNC samskiptakerfi sem tengist snjallsíma
- Fimm stjörnu öryggi hjá EURO NCAP
- 17" Rock Metallic álfelgur
- ST-Line merkingar á hliðum
- ST-Line útlitskitt og innstigshlífar
- ST-Line LED framljós
- ST-Line þriggja arma leðurklætt stýri
- ST-Line sportsæti og sportpedalar



Ford er frábær!

Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Focus ST-Line

ford.is



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Besti hringur Ólafíu Þórunnar á risamóti til þessa



Nær okkar kona niðurskurðinum í dag? Ólafía Þórunn Kristinsdóttir hóf í gær leik á Evian-risamótinu á LPGA-mótaröðinni sem er fimmta og síðasta risamót ársins hjá konunum. Þetta er þriðja risamót Ólafíu í sumar en hún lék hringinn á pari í gær og á ágæta möguleika á því að ná niðurskurðinum spili hún vel á öðrum hringnum í dag. Hér fyrir ofan sést Ólafía spila á þessum fallega golfvelli í gær. MYND/LET/TRISTIAN JONES

Helgin

Laugardagur:

09.00 Evian risamótið Golfstöðin
11.20 C. Palace - Southamp. Sport
12.50 F1: Singapúr, tímataka Sport 2
13.25 Bayern - Mainz Sport 5
13.25 Frankfurt - Augsburg Sport 6
13.50 Liverpool - Burnley Sport
13.50 Haukar - Fylkir Sport 3
14.10 Getafe - Barcelona Sport 4
16.00 Laugardagsmörkin Sport
16.20 Tottenham - Swansea Sport
16.25 Barnsley - A. Villa Sport 2
17.00 BMW Championsh. Golfst.

Sunnudagur:

09.30 Evian risamótið Golfstöðin
11.30 F1: Singapúrkappak. Sport 2
12.20 Chelsea - Arsenal Sport
14.50 Man. United - Everton Sport
15.45 FH - ÍBV Sport 3
16.00 BMW Championsh. Golfst.
17.00 Messan Sport
17.00 Saints - Patriots Sport 2
18.40 Sociedad - R. Madrid Sport 4
19.00 Valur - Fjölnir Sport
19.20 FH - Afturelding Sport 3
20.20 Broncos - Cowboys Sport 2
21.15 Pepsi-mörkin Sport
22.40 Síðustu 20 Sport

Pepsi-deild karla í fótbolta:

S16.00 KR - KA
S16.00 FH - ÍBV
S16.00 Víkingur Ó. - Víkingur R.
S16.00 Grindavík - Breiðablik
S16.00ÍA - Stjarnan
S19.15 Valur - Fjölnir

O Valsmenn verða Íslandsmeistarar með sigri á sunnudagskvöld.

Olís-deild karla í handbolta:

S16.00 Valur - Víkingur
S18.00 Haukar - ÍBV
S19.30 FH - Afturelding
S19.30 Selfoss - Fjölnir

Ótrúlegt afrek ef Ísland kemst á HM

Enski blaðamaðurinn og rithöfundurinn Jonathan Wilson hefur fylgst grannt með uppgangi íslenska fótboltalandsliðsins á síðustu árum. Hann segir að það yrði risastórt afrek ef Ísland kæmist á HM en á endanum muni fámennið hér á landi væntanlega segja til sín.

FÓTBOLTI Fáir skrifa af jafn mikilli þekkingu og innsæi um fótbolta og Jonathan Wilson. Þessi 41 árs gamli blaðamaður og rithöfundur frá Sunderland hefur skrifað níu bækur um fótbolta. Þriðja bókin hans, Inverting the Pyramid, er afar áhrifamikil en í henni fjallar Wilson um fótboltasöguna út frá taktísku sjónarhorni.

Nýjasta bók Wilsons, The Anatomy of Manchester United, kom út í síðasta mánuði. Þar fjallar hann um 10 mikilvægustu leiki í sögu United og greinir þá í taktísku og sögulegu samhengi. Wilson hefur áður skrifað sambærilegar bækur um Liverpool og enska landsliðið.

Wilson var staddur hér á landi á dögum. Hann hefur fylgst með uppgangi íslenska landsliðsins á undanförunum árum og hrifist af.

„Ég var í Zagreb þegar þeir töpuðu fyrir Króatíu fyrir fjórum árum og hafði hugmynd um hversu gott íslenska liðið var. Léleg lið geta slystast inn í umspil en ég sá að Ísland var með fint lið. Ég get ekki sagt að ég hafi búist við að Ísland kæmist á EM en það kom ekki á óvart,“ sagði Wilson þegar blaðamaður Fréttablaðsins hittir hann.

Erfitt að komast aftur á stórmót

Wilson segir að það sé eftirtæktarvert að íslenska liðið sé í þeirri stöðu sem það er; í baráttu um að komast á HM í Rússlandi á næsta ári.

„Það besta er að Ísland hefur viðhaldið þessu góða gengi. Það eru margar minni þjóðir sem komast á eitt stórmót og segja það svo gott.

Að gera þetta aftur er erfitt. Ég held að það sé gott að gera þetta svona, komast fyrst á EM og svo HM. Slóvenía var í svipaðri aðstöðu um aldamótin.“

Ísland langfámennasta þjóðin sem hefur komist á HM eða EM. Wilson segir að fámennum þjóðum reynist erfitt að viðhalda árangri og að fámennið muni á endanum segja til sín.

Njótið meðan þið getið

„Ég veit ekki hversu lengi það er hægt að viðhalda þessum árangri. Það hefur réttilega verið talað um að þessi árangur hafi náðst vegna góðs skipulags og knattspyrnuhallanna sem voru byggðar. En þú getur haft besta kerfi og þjálfara í heimi en ef þú ert fámenn þjóð er erfitt að viðhalda árangri,“ sagði Wilson.

„Horfðu á Hollendinga. Þeir hafa haft frábært kerfi í marga áratugi en það búa bara rúmlega sex milljón manns þar, miklu fleiri en á Íslandi, og þeir eru með slaka kynslóð leikmanna núna. Svona gerist hjá fámennum þjóðum. En þetta er frábært og njótið þess meðan hægt er. Það er frábært að það sé gott skipulag til staðar til að nýta sér þegar frábær kynslóð kemur upp.“

Enska liðið fer alltaf á taugum

Aðspurður um leikinn fræga gegn Englandi í 16-liða úrslitum EM í fyrra sagði Wilson að úrslitin hefðu ekki átt að koma það mikild á óvart.

„Eitt af vandamálunum við enska landsliðið og stórmót er að fólk sem horfir venjulega ekki á fótbolta

horfir á þau. Allir sem horfa á fótbolta sjá hvernig Ísland spilar; mjög skipulagt og gott lið sem er fullt sjálfstrausts. Og við vitum hvernig England er og hefur verið síðustu 40-50 árin. Í hvert einasta skipti sem þeir lenda undir pressu fara þeir á taugum. Ég myndi ekki segja að þetta hafi verið viðbúið en þetta kom ekki eins og þruma úr heidiskíru lofti. Fólk sem fylgist ekki með fótbolta og skilur ekki hvernig leikurinn virkar var hissa. Og það er frekar niðurlægjandi að tapa fyrir miklu minni þjóð sem hefur aldrei komist á stórmót,“ sagði Wilson og benti á að þrátt fyrir ófárir enska landsliðsins á stórmótum síðustu 50 árin hafi það venjulega unnið minni þjóðir eins og Ísland.

Eftir sigurinn á Úkraínu í byrjun mánaðarins sagði landsliðsþjálfarinn Heimir Hallgrímsson að það yrði meira afrek að komast á HM en EM. Wilson kveðst sam-mála þessu.

Helmingi erfiðara að fara á HM

„Það eru tvær ástæður fyrir því. HM er stærri og mikilvægari keppni og það eru 24 Evrópuþjóðir sem komast á EM en aðeins 13 á HM. Það er næstum því helmingi erfiðara að komast á HM en EM. Það yrði meira afrek. Að viðhalda svona árangri í þremur undankeppnum í röð er mjög erfitt

Gylfi er það sem Everton vantar

Jonathan Wilson hefur miklar mætur á Gylfa Þór Sigurðssyni, leikmanni Everton og íslenska landsliðsins.

„Ég er mjög hrifinn af honum. Ég held að margir hafi verið hissa þegar hann fór frá Tottenham. Þegar hann var hjá Swansea var tilfinningin alltaf sú að hann væri of góður fyrir liðið. Stundum gerist það að leikmanni liður vel hjá félagi og vill ekki fara. Og þannig leit ég á hann; hann væri of góður fyrir Swansea en væri í þægilegu umhverfi,“ sagði Wilson sem hefur trú á því að Gylfi spjari sig vel hjá Everton. „Ég er ekki viss um að hann sé 45 milljóna punda virði en markaðurinn er orðinn svo klikkaður. Gylfi er skapandi leikmaður sem þá vantar þegar [Ross] Barkley er ekki með. Hann er það sem Everton vantaði og ég vona að honum gangi vel.“

þegar þú litur á aðrar fámennar þjóðir. N-Írland og Slóvenía eru fámenn ríki en miklu fjölmennari en Ísland. Ef N-Írland kemst á HM á næsta ári verður það í fjórða sinn en á 60 ára tímabili. Slóvenía hefur gert þetta tvisvar. Þetta yrði ótrúlegt afrek og það er engin þjóð nálægt því jafn fámenn og Ísland sem hefur komist nálægt því að fara á HM,“ sagði Jonathan Wilson að lokum.
ingvithor@365.is

Gylfi Þór Sigurðsson fagnar öðru markaðurinum á móti Úkraínu á Laugardalsvöllinum á dögum.



AÐVENTUFERÐ TIL KAUPMANNAHAFNAR

Verð: **117.800 kr.** á mann í tvíbýli
og **139.500 kr.** í einbýli



**Tvær aðventuferðir til Kaupmannahafnar
19.–22. nóvember og 26.–29. nóvember 2017**

Innifalið í verðinu er flug, flugvallarskattar, gisting í þrjár nætur með morgunverði á Absalon Hotel og allur akstur erlendis. Einnig er innifalin skoðunarferð um gamla bæinn með Sigrúnu Gísladóttur, „Julefrokost“ á Restaurant Grøften og síkjasigling með djassbandi Michaels Bøving og íslenskri fararstjórn.

+ Frekari upplýsingar fást hjá Hópadeild Icelandair í síma 505-0406 eða með því að senda tölvupóst til hopar@icelandair.is.

ICELANDAIR 



AIR

Borðstofuborð. Hvítt með svörtum löppum eða svart Linoleum með viðarlitum löppum. Stærð: 100 x 205 x 75 cm.

89.990 kr.

~~139.990 kr.~~



FLY

Stálgrind. Grátt áklæði og Nubuck leður á hornum. Stærð: 65 x 83 x 75 cm

59.990 kr. ~~69.990 kr.~~



1. IVV Infiore vasi, glær 13/28,5 cm **2.490/5.990 kr** hunangslitur eða blár, 13/28,5 cm **2.990/7.990 kr.**
2. IVV Maitre glerkanna, 1,3 l **7.990 kr.**
3. Broste nordic sea tebolli og undirskál **2.190 kr.**
4. IVV Optic glerkanna, 1,4 l. **6.290 kr.**
5. IVV Optic vatnsglas 30 cl, 6 stk í pakka **8.790 kr.**
6. On Interiör skurðarbretti, 41x15x1 cm **5.990 kr**
7. Aida Raw vatnsglös, 4 stk í pakka **1.490 kr.**



GATE

Borðstofuborð. Svartir fætur með bláu, hvítu eða svörtu linoleum efni ofan á borðplötu. Einnig fánlegt með eikarfótum og hvítri eða svartri borðplötu. Stærð: 205 x 100 x 75 cm

149.990 kr. ~~199.990 kr.~~



CANNINGTON

Borðstofuskenkur. Úr aski með svarta fætur. Stærð: 160 x 45 H: 84 cm

109.990 kr.

~~139.990 kr.~~

Bylgjur í skáp- og borðplötu

CANNINGTON

Borðstofuborð. Úr aski með svarta fætur. Stærð: 230 x 100 H: 77 cm

87.990 kr.

~~109.990 kr.~~



FRIDAY

Tungusófi, hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt eða brúnt áklæði. Stærð: 260 x 170 x 87 cm

139.990 kr.

~~169.990 kr.~~



PICTON

Sófaborðasett úr rustic brúnum, endurunnum víði. Tvö borð. Stærð: 142/90 x 59/45 H: 42/37 cm

69.990 kr. ~~89.990 kr.~~



SUNMOON

Sófaborðasett. Tvö borð. Járngrind og bronslitað spegilgler í plötu. Stærð: Þverm. 76 H: 45 cm

29.990 kr. ~~39.990 kr.~~

Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.



ODON

La-Z-Boy stóll í dökk- og ljósbrúnu áklæði.

69.990 kr. ~~109.990 kr.~~

La-Z-Boy stóll. Svart leður.

99.990 kr. ~~149.990 kr.~~

Stærð: 84 x 95 x 107 cm



STORY

Borðstofustóll, svört eða grá skel og fætur og grátt áklæði í setu.

9.990 kr. ~~13.990 kr.~~



STORY

Borðstofustóll, hvít skel, eikarfætur og grátt áklæði í setu.

12.990 kr. ~~15.990 kr.~~



STAR

Borðstofustóll, svört skel og fætur og grátt áklæði í setu.

11.990 kr. ~~14.990 kr.~~

ÆVINTÝRALEGT HAUST Í HÖLLINNI

KIRUNA

U-sófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt, slitsterkt áklæði. Stærð: 301 x 200 x 78 cm



175.990 kr.

~~219.990 kr.~~

WARREN

Sófasett frá Broyhill. Ljósbrúnt slitsterkt áklæði.

2ja sæta sófi: 170 x 95 x 92 cm

134.990 kr. ~~169.990 kr.~~

3ja sæta sófi: 225 x 95 x 92 cm

149.990 kr. ~~189.990 kr.~~

Stóll: 116 x 95 x 92 cm

114.990 kr. ~~144.990 kr.~~



Þú finnur nýja bæklinginn okkar á husgagnahollin.is



Breski verðlaunaljósmyndarinn Jack Letham gaf út ljósmyndabókina Sugar Paper Theories, um Guðmundar- og Geirfinnsmál og sýningin hefur að geyma sama efni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ljósmyndarinn **Jack Letham** opnar í dag í Ljósmyndasafni Reykjavíkur ljósmyndasýninguna Mál 214 en nafnið er skírskotun í málnúmer Guðmundar- og Geirfinnsmála í Hæstarétti – 214:1978.

Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is



Heillaðist af Guðmundar & Geirfinnsmálum

Sýning ljósmyndarans Jacks Letham, Mál 214, í Ljósmyndasafni Reykjavíkur verður opnuð klukkan þrjú í dag. Sýningin dregur nafn sitt af málnúmerinu sem Guðmundar- og Geirfinnsmál fengu í Hæstarétti Íslands (H 214:1978).

„Ljósmyndir geta lýst þessu máli svo vel vegna þess að það snýst um rangtúlkanir, blekkingar og mis-skilning,“ segir Letham, en hann kom fyrst til Íslands árið 2013 vegna annarra verkefna og heillaðist af þessu dularfulla sakamáli.

„Ég held að ljósmyndin sé hinn fullkomni miðill fyrir þetta mál, ekki síst vegna þess að svokallað minnisvafaheilkenni kemur við sögu og það eru ákveðin líkindi með virkni minnis og ljósmynda,“ segir Letham, sem tók snemma þá ákvörðun að mynda ekki hin dæmdu sjálf, en beina frekar sjónum að öðrum persónum og myndefnum. „Kastljósinu hefur of mikið verið beint að þeim sem voru sakkfelld af hálfu lögreglu og fjölmiðla,“ segir Letham og bætir við: „Það er löngu tímabært að færa linsuna af þeim og yfir á rannsóknina sjálfa.“

Letham hefur eins og áður sagði kynnst mörgum einstaklingum sem komu við sögu málsins. „Erla Bolladóttir er með ljóðrænni manneskjum sem ég hef kynnst,“ segir Letham. „Það er eitthvað ljóðrænt við að hún velji að búa í kjallara, gæludýrið hennar sé einmitt það dýr sem myndi lýsa minnisvafaheilkenni best og hibi lítið þess sé lítið fiskabúr,“ segir Jack, inntur eftir því af hverju gullfiskur Erlu hafi vakið áhuga hans.

Sýningin verður opnuð klukkan 15 í dag



Rannsóknarteymi Karls Schütz, ágúst 1976.

en klukkan 14 á morgun, sunnudag, gefst sýningargestum kostur á að hlýða á létt sýningarspjall Lethams og Gísla Guðjónssonar réttarsálfræðings um efni sýningarinnar.



**ÞAD ER LÖNGU TÍMABÆRT
AÐ FÆRA LINSUNA AF
SAKBORNINGUNUM OG
YFIR Á RANNSÓKNINA
SJÁLFA.**


Jack Letham



Gullfiskur Erlu. MYND/JACK LETHAM


Okkar sérsvið er háráðslytsmeðferðir !

Við vorum að flytja í nýtt og enn glæsilegra húsnæði í Hlíðasmára 9 í Kópavogi.
Opnum á ný mánudag 11. september



Fyrir

Eftir



**ATHUGIÐ !
Erum flutt í
Hlíðasmára 9**



Snyrtistofan Hafblik

Hlíðasmára 9 • Kópavogi • S. 893 0098 • snyrti@snyrt.is • www.snyrt.is



MATSEÐILL

FORDRYKKUR

Faustino Cava Brut



Hrefnu-tataki
með sveppa „dashi“

Yuso maríneruð hörpuskel

Hægeldaður kalkúnn
á smjörbrauði

VÍN

*Morande Pionero
Sauvignon Blanc*



Léttelduð og sítrusgrafin
bleikja, reyktur humar og sellerí-
rótarremúlaði, ásamt sítrónblóð-
bergsolíu og sellerírótarseyði

VÍN

*Paul Jaboulet Condrieu
Les Cassines*



Lamba-sirloin og jarðskokkar
með höfrum og lambasoðgljúa

VÍN

Gnarly Head Authentis Blend



Bláberjafyllt skyrmús
með hvítsúkkulaði, blóðbergi
og mysukarmellu

VÍN

*Las Moras Late
Harvest Viogner*



MEÐ KAFFINU
Luxardo Limoncello



KOKKUR ÁRSINS



2017

Kokkur ársins 2017 og kokkalandslíðsveisla

Kokkur ársins 2017 verður krýndur í Hörpu 23. september næstkomandi. Frábær stemning var í húsinu í fyrra þegar Denis Grbic hlaut titilinn eftirsóknarverða. Kokkalandslíðið mun leika við hvern sinn fingur og töfra fram fjögurra rétta matseðil ásamt vel völdum drykkjum.

Fordrykkur hefst kl. 18:00 í Flóa á jarðhæð Hörpu
Borðhald hefst svo kl. 19:00 þar sem Gummi Ben
og landslíðið munu sjá til þess að stemningin,
gleðin og maturinn verða yfirpyrmandi.

Kl. 23:00 verður svo Kokkur ársins 2017 krýndur.
Að lokinni verðlaunaafhendingu mun tónlistarmaðurinn
Eypór Ingi halda uppi fjörinu eitthvað fram á nóttina.
Borðapantanir á netfangið andres@garri.is

Takmarkað sætaframboð, – fyrstur kemur, fyrstur fær!
Miðaverð 21.900 kr.

Húsið er opið öllum sem vilja koma og fylgjast með færustu
kokkum landsins frá kl. 13:00–18:00. Eftir það er einungis
opið fyrir veislugesti, tryggið ykkur því miða í tíma.

Í samvinnu við



nettó



Fjölskylda Nínu Rúnar ætlar að halda áfram að hafa hátt og krefjast breytinga á lögum um uppreist æru. Nínu Rún þótti Bjarni Benediktsson forsætisráðherra ótrúverðugur þegar hann sagði hug sinn hafa verið með þeim sem hafa átt um sárt að binda á blaðamannafundi í Valhöll í gær. Frá vinstri tvær systur Nínu Rúnar, þær Urður og Áróra, og þau Eva Vala og Bergur Þór. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Bergur Þór Ingólfsson, eiginkona hans Eva Vala Guðjónsdóttir og tvær dætur þeirra af fjórum, þær Urður og Áróra, sitja á grasbala rétt við Stjórnarráð Íslands og ræða atburðarásina sem hófst í sumar þegar greint var frá því að Robert Downey hefði fengið uppreist æru árinu áður.

Nína Rún, dóttir Bergs, einn brotaþola, er ekki með. Hún er stödd í Bandaríkjunum og fylgist þaðan gáttuð með framvindunni og falli ríkisstjórnarinnar eftir að stjórnvöld neyddust til að birta upplýsingar um ferlið. „Ég trúí þessi varla ennþá og mér líður eins og persónu í skáldsögu. Allt sem hefur verið dregið fram í dagsljósið er ótrúlegt. Þetta er mikilvægt og ég er stolt af mér og hinum að hafa stigið fram og brugðist við óréttlætinu,“ segir Nína Rún sem tekur þátt í spjallinu í gegnum Facebook.

Nína Rún sjálf greindi frá því í sumar að hún hefði grátið við fréttirnar af uppreist æru Roberts. Kerfið hefði brugðist henni. Auk hennar stigu fram Ólöf Jónsdóttir, Anna Katrín Snorradóttir og Glódís Tara.

Núna er Nínu Rún eftst í huga að lögum um uppreist æru verði breytt. „Málinu er ekki lokið og því verður ekki lokið fyrr en að við fáum lögum breytt og við fáum nýja stjórnarskrá. Lærdómurinn sem við eigum að draga af þessu er að það verður að vera aukid gagnsæi, það mega ekki vera orðin tóm. Það verður að vera fest í stjórnarskrána. Og kærleikur, að þurfa að biða í þrjá mánuði eftir upplýsingum er ósanngjarnt gagnavart mér og öðrum þolendum.“

Nína fylgdist með beinni útsendingu frá Valhöll í gær þar sem Bjarni Benediktsson forsætisráðherra sagðist meðal annars hafa haft hugann við þolendur. „Mér fannst hann ótrúverðugur. Í allri hans framgöngu hefur hann viljað gera lítið úr þessum málum. Mér fannst framganga

Málinu er ekki lokið

Fjölskylda Nínu Rúnar Bergsdóttur hefur stutt dyggilega við hana frá því snemma í sumar þegar það varð ljóst að Robert Downey hefði hlotið uppreist æru. Þau eru sammála um að málinu sé ekki lokið.

hans í Valhöll í gær lýsa hroka og eiginhagsmunum. Það hefur ekki breyst frá því málið hófst í sumar.“

„Þetta kom okkur mjög á óvart,“ segir Eva Vala um fregnir af falli ríkisstjórnarinnar og af stuðningi föður forsætisráðherra, Benedikts Sveinssonar, við Hjaltu Sigurjón Hauksson barnaniðing þegar hann sótti um uppreist æru í fyrra.

„Það var ekki hægt að ímynda sér þetta. En þegar við heyrðum af því að Benedikt, faðir Bjarna, væri einn þeirra valinkunnu í umsóknum um uppreist æru þá small heildarmyndin betur saman. Það var verið að vernda einhvern, þá tilfinningu hafði maður allan tímann. Því það máttu engar upplýsingar berast. Vissir stjórnmalamenn og ráðherrar reyndu að þagga niður í okkur, sussuðu á okkur og sögðu okkur að engar upplýsingar yrðu settar fram,“ rifjar Bergur upp.

„En aðrir stjórnmalamenn hafa barist með okkur og hafa sömu gildi og sjónarmið og við,“ segir Bergur og tiltekur sérstaklega Þórhildi Sunnu Ævarsdóttur, þingmann Pírata.

Hvað viljið þið segja við þessa



Morgan Nickerson og Nína Rún, Rafnkell Jónsson, Pálína Hildur Sigurðardóttir móðir Nínu, Karítas Lára Rafnkelsdóttir og Eiríkur.

stjórnmalamenn? „Við látum ekki þagga niður í okkur,“ segir Urður. „Farið bara að gera eitthvað annað. Farið.“

Bergur Þór nefnir að atburðarásin hafi varpað ljósi á heim þolenda og viðhorf hluta íslensks þjóðfélags til kynferðisbrota.

„Það er skelfilegt hve þessum mönnum hefur þótt kynferðis-

brot lítilvæg. Þeir sem skrifa undir og styðja við kynferðisbrotamenn virðast ekki hugleiða alvarleika brotanna. Samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum fengið taka þeir fram að alla ævi og allt frá því í æsku hafi þeir verið algjörlega frábærir náungar. Eins og ekkert hafi gerst! Eins og æra þeirra skipti meira máli en líf þeirra sem brotið

er á. Þetta bendir til þess að það sé lítið á þessu brot sem léttvæg og það er kominn tími til að það sé tekið á þessu viðhorfi. Hvorugur þessara niðinga sem komið hefur fram að hafa hlotið uppreist æru hefur játað að hafa gert nokkuð rangt.“

Eva Vala tekur undir. „Réttur þolenda verður að verða meiri. Það þarf að halda betur utan um þá. Þeir þurfa að vera vitni í sínum eigin málum þegar það hefur verið brotið á þeim. Þetta er svo rangt,“ segir Eva Vala.

Áróra segir að málið allt þurfi að leiða til breytinga til góðs fyrir þolendur kynferðisbrota. „Það þarf að herða refsingar. Þær eiga að vera þyngri og í takt við alvarleika brotanna. Þá finnst mér að brotaþolar eigi að fá miklu meiri stuðning frá ríkinu og frá samfélaginu til að komast í gegnum það áfall sem það að verða fyrir kynferðisofbeldi er.“

Bergur Þór tekur undir með Áróru. „Dóttir mín bendir á nokkuð mikilvægt. Það hafa ótrúlega margir stigið fram í kringum átakið #höfumhátt. Það er einn af stóru sigrunum í þessu öllu saman. Að fólk er óhrætt við að stíga fram. Skömmin er gerandans. Auðvitað erum við að stíga feminíska öldu sem hefur risið undanfarið er á þessu máli. Þetta er eiginlega þeirra bylting sem er að takast núna. Bylting dætra okkar. En feminismi er einmitt ekki bara fyrir konur, heldur líka karla sem vilja jafnrétti og réttlátt þjóðfélag.“

Það þurfti ekkert blóðuga byltingu til. Það þurfti bara að sýna stjórnkerfinu og þeim hrútum sem sem því stjórna um hvað málið snýst. Það þurfti að varpa ljósi á hvernig lítið er á þessu máli. Það gerðist og ég vona að það verði stokkað upp. Mér heyrst að það verði þannig um þessi mál. Mér heyrst það á ráðherrum fráfarandi ríkisstjórnar. Að sú leyndarhyggja sem hefur ríkt verði ekki liðin lengur. Það er í lagi að segja sannleikann, það þarf ekki að fela hann fyrir okkur borgurum. Þeir þolendur sem eru að stíga fram eru að fara fram á það sama,“ segir Bergur. ➔

Bergur Þór frumsýndi í gær 1984 eftir George Orwell, dystópiu sem hann samdi í skugga síðari heimsstyrjaldar. Í verkinu er fjallað um sjálfstæða hugsun og sannleika. Ágengum spurningum er varpað fram um stöðu einstaklingsins gagnvart kerfinu. „Tímasetningin er kosmískt kraftaverk. Að ég skuli á þessum degi vera að frumsýna þetta verk þar sem akkúrat er verið að fjalla um þessi mál. Ég var auðvitað í vor að vinna verkið og þegar það kom að því í sumar að við ættum það á hættu að vera kærð fyrir að rifja upp glæpi kynferðisbrotamanna þá hugsaði ég: Við erum stódd í þessu verki, 1984. Megum við ekki rifja upp okkar eigin sögu? Megum við ekki segja frá okkur sjálfum? En það hefur reyndar komið í ljós að það megum við. Það eru sterkari lög í þessu landi sem vernda þann rétt. Flest lög virka þótt við höfum gagnrýnt önnur.“

Þau itreka að þau öll vilji breytingar. Málinu sé ekki lokið. Það sé reyndar rétt að byrja.

„Það er kominn tími til þess að fólkið sem stjórnar þessu landi geri það fyrir almenning en ekki með eigin hagsmuni í huga. Það þarf að breytast og það þarf að gerast núna,“ segir Eva Vala.

„Það er rétt að málinu er hvergi nærri lokið. Tilfinningar okkar eru blendnar gagnvart því að stjórnin er fallin. Við viljum að það verði gengið rösklega og strax í það að breyta lögum um uppreist æru. Að það verði girt fyrir það að barna- niðingar geti starfað sem lögmennt. Ég vona að það komist á starfsstjórn og að hún gangi í þetta mjög fljótt,“ segir Bergur Þór og lætur þar ekki staðar numið.



ÞESSIR KARLAR Hafa

MISST RÖDD SÍNA.

„Það þarf líka að tryggja upplýsingagjöf og gagnsæi til almennings. Það þarf að taka stjórnarskrána fyrir, við þurfum nýja stjórnarskrá. Við þurfum einnig á því að halda að Alþingi verði sammála um að fara ekki í flokkadrætti og í kosninga- slag. Að láta eigin hagsmuni stýra för. Það þarf að bæta úr þessu. Það er lexían af þessu öllu saman,“ segir Bergur Þór.

Eva Vala segist einnig hrædd um að stjórnarmálmennt glati þræðinum í uppnáminu vegna stjórnarslitanna. „Það læðist að manni smá ótti um að þetta tynist í því að núna verði blásið til kosninga og það sem skiptir raunverulega máli gleymist. Mér finnst mjög áriðandi að halda áfram og knýja þessar breytingar í gegn.“

„Já. Við höldum áfram og höfum hátt. Við stoppum ekki herna,“ segir Urður.

„Þolendur hafa alltaf verið settir út í horn og þeim sagt af körlum að til séu alvarlegri glæpir. Þetta mál held ég að hafi breytt miklu hvað það varðar. Þessir karlar hafa misst rödd sína,“ segir Áróra.

„Sársauki þolendanna þarf að vera viðurkenndur og við megum ekki leyfa þöggun að viðgangast,“ tekur Eva Vala undir.

„Þeir sem eru á þingi og taka næst við stjórn þurfa að vera röskir og láta aldrei eigin hagsmuni villa sér sýn. Þetta snýst um gildi. Þegar efnahagshrunið varð árið 2008 þá höldum við öll að við myndum breyta gildum okkar. Það gerðum við ekki. Við gerðum það heldur ekki þegar Panamaskjölin komu í ljós. En ég held að þetta síðferðilega hrun sem hefur orðið nú og bylting feminista, yngstu kynslóðarinnar, verði til þess að nú getum við talað um gildi,“ segir Bergur Þór. „Hugtakinu frelsi hefur verið stolið. Frelsið er beintengt við ástina, mennskuna og kærleikann. Við fáum ekki frelsi nema að þessi atriði séu sett fram sem grunnur að lögum í okkar samfélagi,“ segir Bergur Þór.

Hluti af bataferlinu að krefjast réttlætis

Pálína Hildur Sigurðardóttir, móðir Ninu Rúnar, býr á Akureyri ásamt eiginmanni sínum Rafnkeli Jónssyni. Hún segist hafa fengið sterk viðbrögð við fréttum um málið. „Fólk er snortið og vill óska okkur til hamingju með að hafa fengið þessa niðurstöðu. Að það standi til að gera breytingar til góðs.“

Hún segir að markmið fjölskyldunnar hafi frá upphafi verið að hafa hátt þar til þing hæfist. „Málið kom upp í sumar og við öll í fjölskyldunni ákváðum að þrúka

saman og hafa hátt þar til þing hæfist. Allan tímann og aldrei að hætta fyrir en lögum yrði breytt. Þetta mál hefði annars fallið á milli. Við fundum það strax að við þurftum virkilega að standa í harðri baráttu við stjórnvöld. Það var full þörf á því að hafa hátt. Við gerðum þetta fyrir Ninu og fyrir alla hina.“

Pálína segir samstöðu fjölskyldunnar og hugrekki Ninu að stíga fram mikilvægan hluta í bataferlinu. „Við stöndum öll fylktu

liði á bak við Ninu. Ég og Rafnkell maðurinn minn, Eva Vala og Bergur. Við öll sem eitt. Ég hef alla tíð haft þá trú að þótt að þetta sé erfitt þá hafi það verið partur af bataferlinu að stíga fram á opinberum vettvangi og krefjast réttlætis. Ég finn það sjálf, sem aðstandandi. Sem móðir, að því fylgir gríðarlegt frelsi í því að stíga fram og segja upp hátt. Þetta kom fyrir dóttur mína. Ég held líka að það sé okkur öllum hollt að taka ekki lengur þátt í þessari þöggun í samfélaginu.“



ÉG HELD AÐ ÞAÐ SÉ

OKKUR ÖLLUM HOLLT AÐ

TAKA EKKI LENGUR ÞÁTT

Í ÞESSARI ÞÖGGUN Í

SAMFÉLAGINU.

Tækifæri

Það eru Tækifærisdagar hjá okkur. Líttu inn og gerðu góð kaup.



SIEMENS

Þvottavél, iQ300

Vindur upp í 1400 sn./mín. Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótór með 10 ára ábyrgð.

Tækifærisverð: WM 14N18SDN

94.900 kr.

Fullt verð: 119.900 kr.



SIEMENS

Þurrkari, iQ300

Gufuþétting, enginn barki. Hraðkerfi 40 mín. Krumpuvörn við lok kerfis.

Tækifærisverð: WT 45H2K7DN

94.900 kr.

Fullt verð: 119.900 kr.



SIEMENS

Ryksuga

Orkuflokkur B. Útblástur A. Parkett og flísar, flokkur D. Teppi, flokkur E. Útblástur A.

Tækifærisverð: VS 06B120

14.900 kr.

Fullt verð: 19.900 kr.



ROMMELSBACHER

Samlokugrill

700 W. Fyrir tvær samlokur. Viðloðunarfrítt yfirborð.

Tækifærisverð: ST 710

4.900 kr.

Fullt verð: 6.900 kr.



Memphis Ljósakróna

Tækifærisverð: 65508-29

24.900 kr.

Fullt verð: 39.900 kr.



BOSCH

Örbylgjuofn, Serie 2

Hvítur. Frístandandi. 17 lítra. Mesti örbylgjustyrkur 800 W.

Tækifærisverð: HMT 75M421

14.900 kr.

Fullt verð: 19.900 kr.



SIEMENS

Veggofnar, iQ500

Hagkvæmir með 67 lítra ofnrými. Fimm hitunaraðgerðir. Stafrænn skjár, rafeindaklukkan. Sjálffhrensipláta á bakhlið.

Tækifærisverð (hvítur): HB 23AB221S

Tækifærisverð (stál): HB 23AB521S

69.900 kr.

Fullt verð: 89.900 kr.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

Opið virka daga frá kl. 8.30 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 14.

Ferillinn hófst í menntaskóla

Alda Karen Hjaltalín var ekki orðin tvítug þegar hún var ráðin markaðsstjóri í stóru fyrirtæki í Reykjavík. Það var ekki haft hátt um ráðninguna vegna aldurs hennar. Nú nokkrum árum seinna er hún sölu- og markaðsstjóri hjá Ghostlamp, fyrirtæki sem sérhæfir sig í áhrifavöldum á netinu.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjana@frettabladid.is



Alda Karen Hjaltalín, sölu- og markaðsstjóri hjá Ghostlamp rennir sér stundum á bretti á milli funda og vekur þá jafnan mikla athygli. Það vekur ekki síður athygli hversu ung hún er. Hún er 23 ára gömul en á að baki fjögur ár sem stjórnandi og sérfræðingur í samfélagsmiðlum og svokölluðum áhrifavöldum.

Í starfi sínu hjá Ghostlamp tengir Alda Karen saman fyrirtæki og áhrifavalda í markaðsskyni. Fyrirtækið Ghostlamp var stofnað árið 2014 af Jóni Braga Gíslasyni og hefur um 12 milljón manns á skrá sem teljast til áhrifavalda.

Alda Karen flytur brátt til New York með eiginkonu sinni, Antoníu Lárusdóttur ljósmyndara. Í borginni stendur til að byggja upp starfsemi fyrirtækisins enn frekar en stefnt er að því að Ghostlamp verði stærsti og öflugasti aðilinn á sviði áhrifavaldamarkaðssetningar. Fyrirtækið hefur nú þegar staðið að herferðum í þremur heimsálfum. Nýverið tilkynnti Brunnur vaxtasjóður kaup á hlutafé í

Ghostlamp upp á eina milljón Bandaríkjadala auk vilyrðis upp á eina milljón aukalega til að stuðla að áframhaldandi stækkun félagsins. Þetta vilyrði gerir Ghostlamp-teyminu kleift að vinna vel að uppbyggingunni í New York.

Áður en Alda Karen fer af landi brott heldur hún fyrirlestur í Hörpu undir yfirskriftinni Leyndarmálin mín um markaðssetningu, sölu og lífið sjálft. Hún situr á kaffihúsinu í Hörpu við undirbúning þegar blaðamaður ber að.

„Ég gleymi því oft hvað ég er gömul. Ég hef oft þurft að láta eins og ég sé eldri. Ég er búin að vera nærri því þrítug í nokkur ár,“ segir Alda Karen og brosir breitt. Spurð út í aldurinn þurfti hún nefnilega að hugsa sig um.

„Aldur skiptir heldur ekki máli, það er orkan sem í þér býr og ábyrgðin sem þú tekur,“ segir hún fastmælt.

Hún hefur verið spurð hvers vegna hún haldi fyrirlestur og deili með áheyrendum leyndarmálum sínum. Af



AF HVERJU ERUM VIÐ

FJÖGUR ÁR Í MENNTA-

SKÓLA ÁN ÞESS AÐ LÆRA

AÐ GERA SKATTASKÝRSLU,

ÁN ÞESS AÐ RÆÐA TIL-

GANG LÍFSINS, ÁN ÞESS

AÐ LÆRA

MARK-

VISST UM

OKKUR

SJÁLFI?

hverju hún haldi ekki forskotinu fyrir sig sjálfa.

Nóg pláss

„Ég er oft spurð af hverju ég sé að gefa frá mér það sem hefur tryggt mér velgengni. En ég spyr þá á móti: Af hverju ekki? Það er nóg pláss í heiminum fyrir alla, því ekki að segja frá því þegar vel gengur og hjálpa fólki að ná markmiðum sínum? Góðar hugmyndir, þær bara verða að fá líf. Það er enginn nákvæmlega eins og ég, það leiðir bara gott af sér að deila ráðum og skiptast á hugmyndum. Ég vil stuðla að því að sem flest ungt fólk taki ábyrgð á lífi sínu og komi hugmyndum sínum í framkvæmd. Svo trúi ég líka að því meira sem þú gefur, því meira gefur lífið þér til baka,“ segir Alda Karen.

„Þetta er mín sýn á lífið, ég fer yfir mistök og lexiur og praktísk atriði sem ég trúi að séu gagnleg ungu fólki sem vill velgengni. Þetta eru hlutir sem við lærum ekki í skóla,“ nefnir Alda Karen. „Af hverju erum við fjögur ár í menntaskóla án þess að læra að gera skattaskýrslu, án þess að ræða tilgang lífsins, án þess að læra markvisst um okkur sjálf og hvernig við getum lifað farsælu lífi með sjálfsvirðinguna í lagi? Ég skil það ekki. Ég held að mín kynslóð muni breyta þessu,“ segir Alda Karen og segist hafa það að markmiði að koma að þeirri breytingu.

Fjölmennning í grunnskóla

Alda Karen er alin upp á Akureyri. Fyrstu tíu árin gekk hún í Oddeyrarskóla og síðar í Menntaskólann á Akureyri. Móðir hennar heitir Jóhanna Hjaltalín og er verslunarstjóri í Hagkaupi. Faðir hennar heitir Ólafur Erlendsson og er rafvirkni. Alda Karen segir Oddeyrarskóla hafa gefið sér gott veganesti út í lífið. Þar stundar fjölbreyttur hópur barna nám.

„Þetta er eini skólinn sem bauð upp á enskukennslu fyrir börn af erlendum uppruna. Ég var í þrjátíu manna bekk og helmingur barnanna var af erlendum uppruna. Ég er mjög þakklát fyrir að hafa verið í þessum skóla og ég held að ég hafi öðlast viðsýni og örlítið fleiri hugmyndir um heiminn en ég hefði annars. Þarna voru helst börn frá ➔



GIACOMO PUCCINI

TOSCA




FRUMSÝND 21. OKTÓBER 2017
Í ELDBORG – HÖRPU

HLJÓMSVEITARSTJÓRI **BJARNI FRÍMANN BJARNASON** · LEIKSTJÓRI **GREG ELDRIDGE**
TOSCA **CLAIRE RUTTER** · CAVARADOSSI **KRISTJÁN JÓHANNSSON** · SCARPIA **ÓLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON**

ANGELOTTI **ÁGÚST ÓLAFSSON** · SAGRESTANO **BERGPÓR PÁLSSON**
SPOLETTA **ÞORSTEINN FREYR SIGURÐSSON** · SCIARRONE **FJÖLNIR ÓLAFSSON**
KÓR OG HLJÓMSVEIT ÍSLENSKU ÓPERUNNAR

LEIKMYND **ALYSON CUMMINS** · BÚNINGAR **NATALIA STEWART**
LJÓSAHÖNNUN **ÞÓRÐUR ORRI PÉTURSSON** · SVIÐSHREYFINGAR **JO MEREDITH**

MIÐASALA Á OPERA.IS

  #islenskaoperan



ÍSLENSKA ÓPERAN

➔ Taílandi, Filippseyjum og Pólandi. Í skólann komu líka börn frá öðrum löndum sem stoppuðu stutt. Og börn sem komu af meðferðarheimilum. Ótrúlega fjölbreytt samfélag," segir Alda Karen.

Vill stofna skóla

Nemendasamfélagið var einsleitara í Menntaskólanum á Akureyri. Þar segist Alda Karen helst hafa haft hugann við félagslífið. „Ég var að æfa fótbolta og var í unglíngalandsliðinu. Því stundaði ég nám í svokölluðum afreksíþróttamannabekk. Ég er heppin að vera með ágæta dómgreind því ég hafði bara áhuga á félagslífinu. Ég gat afgreitt námið og síðan gert það sem ég vildi.

Mér finnst eins og ég nefndi áðan margt vanta í skólakerfið í dag fyrir ungt fólk. Ég myndi sjálf vilja gera eitthvað seinna meir til góðs í þessu samhengi. Eitt af langtímamarkmiðum mínum er að stofna skóla. Samfélagið er að breytast mjög ört. Hæfni verður að haldast í hendur við þekkingu. Sú krafa verður æ háværi. En í skólakerfinu í dag þá finnst mér ekki samasemmerki á milli hæfni og menntunar," segir Alda Karen og segir að þótt hún sé ekki með háskólagráðu telji hún sig menntaða. „Ég er mikið menntuð og mjög hæf. Ég veit hvers virði ég er og er alltaf að læra eitthvað nýtt. Stöðugt. Á hverjum degi. Ég geri það vegna þess að ég hef áhuga á því og það þjónar markmiðum mínum, það er rétta leiðin," segir Alda Karen.

Skrýtin öskubuskusaga

Alda Karen lét strax að sér kveða sem unglíngur og tók gjarnan að sér ábyrgð og verkefni. „Ég var nú bara þrettán ára gömul þegar ég stofnaði stuðningsfélag kvennafélags Þórs KA. Þá safnaði ég styrkjum og vildi afla féluginu vinsælda og stuðnings. Ég var svona svolítið á undan minni samtíð," segir hún og hlær. Seinna var hún formaður íþróttafélagsins í MA og formaður nemendafélagsins. Hraður uppgangur hennar í íslensku atvinnulífi byrjaði á menntaskólaárunum.

„Það er nú skráttin öskubuskusaga," segir Alda Karen. „Ég fékk fregnir af því að það stæði ekki til að halda Söngvakeppni framhaldsskólanna á Akureyri aftur. Ég ákvað að láta til mín taka. Ég fór á fund SÍF og fór yfir hlutina. Ég vildi fá að vita hvað ég þyrfti að gera til að fá söngvakeppnina aftur norður. Fulltrúar SÍF fóru á fund með Sagafilm og þeir greindu frá því að til þess að halda keppnina á Akureyri þyrfti nokkrar milljónir. Framleiðslukostnaðurinn var svo háur. Ég fékk að vita þetta og fór strax í málið," segir Alda Karen.

Hver ertu eiginlega?

Í stuttu máli náði hún markmiði sínu og tilkynnti stjórnendum Sagafilm frá því. „Ég tilkynnti þeim að markmiðinu væri náð og spurði hvort við gætum ekki gert þetta saman.



Alda Karen og Antonía giftu sig nýverið hjá sýslumanni. Þær hefðu viljað halda rómantiskari athöfn en töldu praktískt að flytja út sem hjón og drifu því í því.

MYND/MARIA BRI OG LINDA BRO

Ég sagði þeim líka hvernig ég gæti komið að keppninni og greindi þeim frá helstu atriðum sem mér fannst sjálfri að þyrfti að huga að. Þau hjá Sagafilm ráku eiginlega upp stór augu og spurðu hver ég væri eiginlega. Jóhannes, þáverandi sölu- og markaðsstjóri hjá Sagafilm, og Þórhallur Gunnarsson stukku á þetta," segir hún og brosir.

Söngvakeppnirnar sem Alda Karen kom að á Akureyri urðu tvær. „Þetta var áður en þú gast gefið út lag á netinu og slegið hratt og örugglega í gegn. Þarna var tækifærið í beinni útsendingu á RÚV og keppnin var stór. Það er auðvitað allt breytt í dag. Ásdís María vann fyrri keppnina, hún er úti í Berlín að læra núna. Glowie vann svo seinni keppnina og velgengni hennar er með ólíkindum. Mér þykir vænt um þetta verkefni og það var svo sannarlega þess virði að koma því á koppinn."

Hraður uppgangur

Alda Karen flutti til Reykjavíkur stuttu eftir útskrift úr Menntaskólanum á Akureyri, þá með atvinnutilboð frá Sagafilm í vasanum. „Mér var boðin starfsnemastada hjá fyrirtækinu. Ég brunaði sudur, fékk herbergi hjá vinkonu minni og hóf störf. Ég vann í fyrstu við hlið Lilju Katrínar Gunnarsdóttur sem var



ÉG VEIT AÐ ÉG VERÐ RÍK

AF ÞVÍ AÐ FJÁRFESTA

Í UNGU FÓLKI. ÉG VEIT

LÍKA AÐ ÉG OPNA SKÓLA

SEM BYGGIR Á HÆFNI OG

HUGMYNDUM. ÞETTA ERU

MARKMIÐ SEM ÉG HEF

NÚNA.

fjölmíðlafulltrúi fyrirtækisins. Hún hætti og ég tók við hennar stöðu og heyrði þá beint undir Kjartan, forstjóra Sagafilm Nordic. Hann setti traust sitt á mig og veitti mér ábyrgð. Svo æxlast það þannig að sölu- og markaðsstjóri fyrirtækisins, Jóhannes Skúlason, hættir. Þá er mér boðið það starf."

Ráðningin fór ekki hátt vegna þess hve ung hún var. „Ég sýndi því skilning þá. En nú horfi ég öðruvísi á málin. Ég hefði mátt vera stolt af stöðunni og starfinu. Ad vita hvers virði maður er skiptir miklu máli. Ef þú veist það ekki, þá hefur þú ekki nógu sterka samningsstöðu. Svokölluð þúsaldarkynslóð er með þetta á hreinu. Ungar konur vita betur hve mikils virði þær eru. Netíð er þar drifkraftur og því duglegri sem þú ert, því betur gengur þér.

En þarna var ég, nitján ára, ljóshærd kona orðin sölu- og markaðsstjóri og að gera milljónasamninga. Ég þyrfti að sanna mig og þetta var oft erfitt, þetta var brött lærdómskúrfa. Ég fann stundum fyrir fordómum vegna aldurs míns. Ég þyrfti aðeins að hnika hlutum til til þess að fólk tæki mig alvarlega. Ég bjó mér til ímyndaðan aðstodarmann. Hafði lesið um slíkt uppátæki og sendi út tölvupósta frá þessum ímyndaða aðstodarmanni. Hann hét Röbert, en svo var líka Sveinn einu sinni. Röbert sendi út tölvupósta og það um fundi og slíkt. Viðbrögðin urðu betri. Þá skræði ég mig oft eldri en ég var, þegar ég var að skrá mig á ráðstefnur eða inn á tengslanet. Í dag myndi ég auðvitað

ekki gera það en í einhverjum tilfellum gat ég hreinlega ekki skráð ungan aldur minn."

Alda Karen segir hraðan uppgang sinn í íslensku atvinnulífi ekki kraftaverkasögu. Ungu fólki séu allir vegir færir í dag.

„Það eru svo miklar sviptingar á markaði, sérstaklega auglýsingamarkaði, vegna breyttrar hegðunar neytenda. Vegna breyttrar hegðunar neytenda getur fólk miklu frekar gert það sem það vill, það sem það dreymir um að gera. Því duglegri sem þú ert, því meiri rækt sem þú leggur við það sem þú ert að gera, því betur gengur þér. Þegar fólk spyr mig ráða um hvernig það geti markaðssett hugmyndir sínar þá byrja ég að nefna að það séu að minnsta kosti sjö friir samfélagsmiðlar í boði. En það er ekki nóg, þú þarft að leggja rækt við hugmyndir þínar og setja þær fram af ástríðu og metnaði."

Bílslys varð vendipunktur

Alda Karen starfaði hjá Sagafilm í tvö ár. Við starfi hennar tók Vilborg Arna Einarsdóttir afrekskona. „Ég ákvað að hætta og mig langaði að gera eitthvað annað. Þótt ég hefði orðið afhuga menntakerfinu þá vildi ég samt athuga málið betur og skræði mig í lögfræði í Háskóla Íslands. Það voru mistök. Þetta var ekki mín leið í lífinu og það eina sem kom út úr þessu hliðarspori var að ég kynntist góðu fólki. Ég hefði reyndar getað kynnt þvi bara á djamminu," segir hún og brosir.

„Lífið er löngu búið að ákveða hvert þú ferð. Þú þarft bara að taka ábyrgð á lífi þínu. Það gerði ég ekki með því að taka þetta hliðarspor. Ég var ekki samkvæm sjálfri mér. Ekki á minni réttu leið.

Svo lenti ég í harkalegu bílslysi. Það varð vendipunktur í lífi mínu. Ef þú hunsar eigin rödd þá lætur lífið þig heyra það og þú verður bara rúmliggjandi í tvær vikur. Ég átti stóran sjóð eftir störf min á Sagafilm og hugsaði með mér, ég bið aðeins eftir lífinu. Það hlýtur að koma."

Alda Karen varð umboðsmaður Reykjavíkurdætra, sinni þeim á Iceland Airwaves og aðstodaði þær á Hróarskeldu þar sem þær spiluðu fyrir 4.000 manns. Hún stofnaði einnig fyrirtæki með eiginkonu sinni. „Fyrirtækið var upphaflega stofnað sem fataverslun. Í dag er þessi fataverslun orðin að allt öðru, það er ljósmynda- og fjárfestingarfyrirtæki."

Veit að hún verður rík

Öldu Karen var svo árið 2016 boðið starf hjá Ghostlamp. Starf sem henni finnst sérsníðið að sér. Hún hefur fleiri markmið sem hún ætlar sér að ná og reynir að stunda hugleiðslu á hverjum degi sem hún segir hjálpa sér að færast nær þeim.

„Ég veit að ég verð rík af því að fjárfesta í ungu fólki. Ég veit líka að ég opna skóla sem byggir á hæfni og hugmyndum. Þetta eru markmið sem ég hef núna. Á hverjum morgni tek ég mér tíma til þess að sjá fyrir mér framtíðina. Ég hugleiði í svona 10 mínútur. Svo sé ég fyrir mér hvað ég þarf að gera í mánuðinum til að færast nær markmiðum mínum, svo sé ég fyrir mér hvað ég þarf að gera í vikunni, að lokum hvað ég þarf að gera í dag.

Ég horfist í augu við sjálfa mig og hugmyndir mínar. Svo geri ég eitthvað í því!"

Alda Karen nefnir að auðvitað geti markmið breyst. „Þau breytast og við göngum öll í gegnum tíma-bíl. Stundum villist fólk af leið. Stundum finnur það ekki sína leið. En í grunninn snýst þetta um virði. Að lokum snýst þetta um að vita sitt eigið virði og vera óhrædd við að segja það. Því að lokum ert þú þú sem ákveður hvað virði þitt er og þú nærð bara þeim markmiðum sem passa við þitt virði. Ég mæli að minnsta kosti með því að prófa þessa aðferð því það gefur manni gott sjónarhorn á lífið."

Róbert og Sveinn ...

Alda Karen notar fleiri verkfæri sem gætu nýst fleirum til að kunna að meta lífið. „Ég og eiginkona mín förum í þakklætisgöngur. Við gerðum þetta í heilt ár. Fórum út að ganga og sögðum upphátt fimm hluti sem við erum þakklátar fyrir að hafa í dag. Svo segir maður fimm hluti sem maður sér fyrir sér að verða þakklátur fyrir í framtíðinni."

Alda Karen er full tilhlökkunar fyrir ævintýrum með Ghostlamp í New York. „Aðalskrifstofan verður áfram hér á Íslandi en við viljum byggja upp starfið í New York, þar eru auglýsingastofur sem vilja starfa náð með okkur. Við erum að vinna í mörgum löndum. Um allan heim og þetta er rétt að byrja. Við ætlum að eiga markaðinn og kannski þá verða þeir félagar Röbert og Sveinn alvöru starfsmenn hjá mér!" segir Alda Karen og hlær.

FATA- & SKÓ

OUTLET NTC

OPÍÐ 12-18 ALLA DAGA

*TÖKUM UPP VÖRUR Á HVERJUM DEGI!

LAUGAVEGI 176 (GAMLA SJÓNVARPHÚSIÐ)

GK KARAKTER KULTUR KOMPANYS galleri sautján eva SMASH focus gs skór

Ævintýralegar skíðaferðir til Rúmeníu.

Skíða, kastala og borgarferðir til Rúmeníu í janúar/febrúar 2018. Verð frá 126.000 – 239.000 á mann í tvíbýli. Skíðað verður í Poiana Brasov. Þetta eru vikuferðir þar af einn dagur þar sem höfuðborgin Búkarest verður skoðuð og gist á 4 stjörnu hóteli staðsettu í miðborginni.

Innifalið

Flug og skíðin með
Ferðir til og frá flugvelli
Skoðunarferð í Búkarest og gisting
Ef staðfest er fyrir 20. september fylgir skíðapassi

Áhugaverðir staðir sem gaman er að skoða

Dracula kastalinn 22 km
Miðaldaborgin Brasov 12 km
Gríðasvæði skógarbjarna 6 km

Verðlag í Rúmeníu er eitt það besta í Evrópu.

Eftirtaldar
dagsetningar eru í boði.

21. janúar - 28. janúar
28. janúar - 04. febrúar
04. febrúar - 11. febrúar
11. febrúar - 18. febrúar

Verð frá
126.000 - 239.000
á mann í tvíbýli

Rúmeníu
Ferðir

Sjá nánar á heimasíðu. www.rumeniuferdir.ro og á Facebook, Rúmeníu ferðir. Öllum fyrirspurnum svarað á jonvalur@rumeniuferdir.ro / sigrun@rumeniuferdir.ro



Svala og Einar stoppuðu stutt á Íslandi fyrir skömmu og létu verkin tala. Tóku upp tvö myndbönd, meðal annars fyrir hljómsveit sína Blissfull. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Benedikt Bóas
Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is



Gera svo fjölmargt annað en að búa til tónlist

Við gerum ekki bara tónlist," segir Einar Egilsson glottandi út í annað en hann og Svala Björgvinsdóttir, eiginkona hans, eru nýkominn af stað með hljómsveitina sína Blissful og hafa þegar gefið út tvö lög. Eftir að hafa eytt merkilega löngum tíma með þeim hjónakornum kemst maður fljótt að því að þau eru upptekin hjón og verkefnaskortur er ekki fram undan.

Þau hjónin komu til Íslands þegar Svala var að spila á Menningarnótt og nýttu tímann til að taka upp tvö tónlistarmyndbönd, annað fyrir Blissful og hitt fyrir plötufyrirtækið Spinnin' Records frá Los Angeles, en Einar leikstýrði þeim báðum. Einar hefur leikstýrt fjöldanum öllum af tónlistarmyndböndum og auglýsingum í Los Angeles síðastliðin ár. „Hann gerði öll myndböndin fyrir hljómsveitina okkar, Steed Lord, og fyrir mig. Hann gerði til dæmis myndbandið við Paper og hann hefur líka hannað plötuumslög, tekið ljósmyndir og bara nefndu það," segir Svala stolt af sínum manni.

Það er einhver ára yfir þeim sem segir manni að þarna fari ástfangið þar sem ber mikla virðingu hvort fyrir öðru og hvað hitt leggur til málanna. „Við vinnum auðvitað með alls kyns hæfileikaríku fólki en leitum ekki út fyrir nema að litlu leyti. Ég sé ekki um hárið á Svölu til dæmis. Ég læt annan gera það," segir hann.

Þau lýsa sér sem frekjudollum sem vinna vel saman. „Okkur finnst ótrúlega gaman að vinna saman. Við erum búin að vera saman lengi og vinna saman mjög lengi. Það er komin mjög góð reynsla á þetta fyrirkomulag. Við vorum saman í Steed Lord í meira en áratug og rákum heila hljómsveit. Fyrir það

Svala Björgvinsdóttir og **Einar Egilsson** hafa verið búsett í, Los Angeles, í átta ár og njóta lífsins þótt þau hafi ekki tekið sér frí síðan 2004. Þau segja sum mánaðamót vera betri en önnur. Þótt þau segist ekki vera hjón í vinnunni þá leggjast þau alltaf sát á koddann.

vorum við DJ teymi og að vinna fyrir alls konar tímarit þar sem Einar var að ljósmynda og ég að stíliserá. Það er komin góð vinnureynsla hjá okkur og við slökkvum á okkur þannig lagað. Því þegar við vinnum saman erum við ekki hjón," segir Svala.

Einar bendir á að það hafi svo sem verið sagt áður. „Það kemur aldrei inn í vinnuna að við séum hjón. Við höfum aldrei, 7-9-13, lent í hjónarífrildi í vinnunni. Á settinu erum við að vinna. En þegar maður leggst á koddann þá kannski ræðum við eitthvað sem hefði mátt gera betur. Við höfum bæði ákveðna kosti og galla og vinnum þannig saman. Við erum alltaf að skapa og gera betur, eitthvað að búa til og hugsa um næsta verkefni. Við ýtum hvort við öðru og reynum að skora á hvort annað að gera betur en síðast," segir hann.

Illskiljanlegur Eurovision heimur Svala flutti Paper á stóra sviðinu í Kænugarði í Eurovision. Lagið komst ekki áfram en litlar þjóðir hafa átt undir högg að sækja í keppninni. Hún segist ganga stolt frá borði, með fullt af minningum sem hún muni geyma um aldur og ævi og hver veit nema nýtt Eurovision lag muni heyrast frá henni. Það



ÉG VAR Á FACEBOOK OG ÞAÐ KOM UPP HJÁ MÉR AÐ ÞAÐ VÆRI SÍÐASTI DAGUR TIL AÐ SENDA INN LAG. ÉG KALLAÐI Á HANA OG SPURÐI HVORT VIÐ ÆTTUM EKKI BARA AÐ SENDA LAGIÐ INN. HÚN SAGÐI NEI, ALVEG STRAX.

verður bara ekki í hennar flutningi. Stelpurnar í Icelandic Sync, Steinunn og Soffia, sem eru umboðsmenn Svölu, voru með allar klær úti og komust að því að fjöldi fólks í Eurovision heiminum vill vinna með Svölu. „Það er auðvitað þannig að lagahöfundarnir koma hvaðan-æva. Það eru alls konar þannig fyrir-

spurnir í gangi og við erum að skoða það. Okkur finnst skemmtilegt að geta samið fyrir aðra listamenn. Þá er ég ekkert að fara að flytja lagið. Það er alveg spennandi og gæti vel verið að við gerum það.“

Meðal þeirra sem hafa lýst vilja til að vinna með þeim er höfundur lagsins Euphoria sem tryggði Svíum sigur í keppninni 2012. „Hann hefur áhuga á að vinna með okkur og við ætlum að reyna að hittast og semja saman við tækifæri. Við erum líka í sambandi við fullt af öðru liði sem við kynntumst í keppninni í Úkraínu. Til dæmis NormaJohn tvíeykið frá Finnlandi en við náðum rosa vel saman og okkur langar að semja tónlist saman við tækifæri. Einnig er ég í sambandi við Linditu sem keppti fyrir hönd Albaníu, hún býr í LA og Atlanta og okkur langar að hittast og gera eitthvað tónlistartengt saman.“

Hugmyndin að senda Paper í Eurovision fæddist þegar Einar var á Facebook og sá að það var síðasti dagur til að senda inn lög fyrir undankeppnina á Íslandi. „Það var ekki mín hugmynd að senda lagið inn heldur hans," segir Svala og lítur á hann og brosir. „Við vissum að Paper væri stórt lag og það ætti heima á stóru sviði," segir Einar og heldur áfram: „Maður sér þetta

stundum fyrir, eins og Paper sem hefur þessar stóru laglínur í viðlaginu. Maður reynir að láta þetta passa á eitthvert svið. Við vorum búin að eiga þetta lag í smá tíma. Fundum ekki neinn vettvang fyrir það einhvern veginn. Svala vildi ekki láta annan listamann fá það því við sömdu það um mjög persónulega reynslu Svölu en það var töluverður áhugi á laginu úti. Ég var á Facebook og það kom upp hjá mér að það væri síðasti dagur til að senda inn lag. Ég kallaði á hana og spurði hvort við ættum ekki bara að senda lagið inn. Hún sagði nei, alveg strax.“

Svala segir að að hún hafi ekkert verið á leiðinni í Eurovision. „En svo fór ég fór að hugsa þegar hann sagði þetta við mig að ef ég ætlaði einhvern tíma að keppa þá ætti ég að gera það núna með nákvæmlega þessu lagi. Ég gat farið í þetta heilsuhugar því ég samdi lagið og ég gat staðið og fallið með því hvað sem myndi gerast. Forsendurnar voru réttar. Við komumst ekki áfram en ég var samt stolt af laginu og atriðinu mínu. Ég gerði mitt besta en ég réð ekki útkomunni.“

Einar segir að Eurovision heimurinn sé svolítið skrýttinn. Hann sé eiginlega enn að klóra sér í hausnum yfir honum því hann sé illskilj- ➔



Innovation
that excites

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY



PANTAÐU EXTRA
FYRIR 30. SEPT.
OG FÁÐU EITTHVAÐ ALVEG

Þú færð EXTRA búnað á nýjan
NISSAN ef þú pantar fyrir 30. september

KOMDU OG REYNSLUAKTU NÝJUM NISSAN MICRA

KYNNTU ÞÉR RÍKULEGAN BÚNAÐ

Staðalbúnaður í TEKNA er m.a. BOSE hljóðkerfi, 17" álfelgur, lykillaust aðgengi, bakkmyndavél með fjarlægðarskynjurum, regnskynjari á rúðupurrkum, Nissan Connect 7" litaskjár, sjálfvirk hækkun/lækkun á aðalljósum, akreinarvari, blindhornaviðvörðun, nálgunarvari með neyðarhemlun og fjarlægðarskynjun og margt fleira.



AKGREINAVIÐVÖRUN
OG LEIÐRÉTTING



HUGVITSSAMLEG
NEYÐARHEMLUN



ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ:
DÍSEL 3,2 L/100 KM.*
BENSÍN 4,4 L/100 KM.*

VERÐ FRÁ: 2.190.000 KR.



Þú færð EXTRA búnað á nýjan
Micra að verðmæti **200.000 kr.**

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



➔ anlegur. „Þetta var mjög skrytinn heimur að vera í og það er svolítið sérstakt að keppa í tónlist. Ég er enn að reyna að átta mig á honum. Samt var ég þar. Hvað virkar? Hvað virkar ekki? Af hverju fór þetta lag áfram en ekki hitt?“

Svala tekur í svipaðan streng. „Það voru atriði sem mér fannst alveg meiriháttar flott sem komust ekki áfram. Á meðan voru lög að komast áfram þar sem manneskjan gat varla haldið lagi. En það var gaman að taka þátt og í raun ekkert neikvætt við það. Frábær reynsla sem fer í reynslubankann þó auðvitað vildi ég komast áfram í loka-keppnina og enda í topp tíu en ég meina hver vill það ekki sem keppir í svona keppni?“ Einar bætir við að Eurovision ferðalagið hafi verið mögnuð upplifun. Fagmennskan hjá hópnun og stemningin innan hans hafi verið upp á tíu. „Reynslan að hafa farið er alveg mögnuð. Og frábært tækifæri sem lagahöfundur að fara í þetta og fá reynsluna. Það hefur margt komið út úr þessu.“

Feiminn við Svölu

Talandi um að semja lög. Einar semur nánast allar laglínur með hummi og það tók hann smá tíma að opna sig fyrir reynsluboltanum Svölu sem hefur samið lög frá því að hún var unglingur. „Ég er svo ævintýralega falskur, þess vegna humma ég. Svala getur vitnað um það.“ „Algjörlega,“ segir hún fljótt. Jafnvel of fljótt. „En hann kemur með góðar laglínur og það er alveg nóg þegar maður er lagahöfundur,“ bætir hún við og nær að bjarga sér. „Þetta var feimnismál fyrir mig, eins og til dæmis í Steed Lord. Að vinna við hlið Svölu sem er búin að vera að semja lög síðan hún var unglingur. Ég hef alveg búið til takta og svoléiðis en melódía lagsins, það er ódrúvisi. Stundum kemur lagið bara eins og þruma úr heiðskíru lofti en aldrei í sturtunni! Aldrei. Oftast gerist þetta þegar við ákveðum að setjast niður og semja lag.“

Svala bendir á að lög geti fæðst jafn misjafnlega og þau eru mörg. Paper hafi orðið til á fáeinum klukkustundum enda hafi það nánast skrifað sig sjálf. „Stundum getur það tekið óratíma að semja lög. Það getur tekið sum lög langan tíma að koma og þá er endalaust verið að finna út úr laglínunni – hvað virkar og hvað ekki. Stundum er eitthvert píanóstef sem vindur lagið áfram, stundum bassalína, stundum er það textinn. Kannski er eitthvert gítarriff. Það er svo misjafnt eftir lögum hvernig þau verða til.“

Svala og Einar semja mikið með hinum og þessum lagahöfundum í Los Angeles og fara í svokölluð „sessjón“ eins og það kallast. Þegar Einar er bedinn um að útskýra hvað hann meini með að setjast niður og semja lög segir hann að sessjón virki mjög vel fyrir sig. „Sessjón er eins og að fara með autt blað og ákveða að semja sögu. Við höfum stundum fimm til sex klukkutíma til þess að semja, yfirleitt er það tíminn þegar maður semur með öðrum lagahöfundum í hinum og þessum stúdíóum í borginni. Það er erfitt stundum en það kemur yfirleitt alltaf eitthvað gott og jákvætt út úr því. Það er líka ákveðin áskorun að semja undir tímamörkum. Við höfum aldrei farið út með hangandi haus. Mér finnst gaman að semja tónlist – sem hjálpar og mér finnst gaman að fara í sessjón með öðrum lagahöfundum. Innblásturinn getur líka komið á svo mismunandi tíma. Við litum á það sem vinnu að setjast niður og semja tónlist, það hljómar kannski skringilega en það virkar vel fyrir okkur.“

Svala segir að andagiftin geti komið yfir hvenær og hvar sem er. „Maður veit aldrei. Þá grípur maður hana og syngur hugmyndina inn í símann sinn. Ætli það séu ekki svona 3.000 memós í símanum mínum. Þessi setning, þetta orð, þessi laglína. Sumt er algjört drasl og sumt er nothæft. Við höfum verið að semja mikið af tónlist í LA með öðrum tónlistarmönnum



SESSJÓN ER EINS OG AÐ FARA MEÐ AUTT BLAÐ OG ÁKVEÐA AÐ SEMJA SÖGU.



Myndir frá þeim hjónum í Los Angeles. Kisan þeirra, Lúsi, er drottning heimilisins.

sem eru að semja mikið fyrir stórstjörnur eins og Seleno Gomez og Justin Bieber. Þetta er frekar lítill bransi og við erum komin með tærnar þarna inn. Til dæmis vorum við að semja lag um daginn sem er verið að skoða hjá plötufyrirtæki í Japan. Lögin sem við erum að gera enda ekki endilega alltaf hjá okkur heldur hjá einhverjum öðrum.“

Sumir mánuðir erfiðir

Að vera sjálfstæður listamaður getur tekið á og er auðvitað stanslaus vinna. Enda upplýsa þau að frí séu af skornum skammti en þau líta reyndar á vinnuna eins og frí því þau elska að vera í vinnunni og þurfa lítinn tíma til að hlaða batteriinn. Jafnvel bara klukkutíma. Þá er reyndar gott að búa í Los Angeles þar sem sólin skín á hverjum degi. „Þetta er alltaf erfitt. Allir listamenn þekkja það,“ segir Einar og Svala

tekur undir. „Þetta er upp og niður, upp og niður. Stundum er maður blankur og stundum á maður smá pening. Við höfum sagt frá því að við gerum margt annað en bara tónlist. Við erum með puttana í alls kyns verkefnum.“

Við höfum ekki farið í frí síðan 2004 en við ferðumst mikið út af vinnunni okkar og fáum að koma á nýja staði og í nýjar borgir og við lítum á það sem smá frí þótt við séum í vinnunni og stoppið sé oftast bara einn til tveir dagar.“ Einar tekur undir. „Við búum líka í LA og það er alltaf hægt að gera sér gláðan dag því þar er auðvitað alltaf gott veður. Þótt það sé stundum óþolandi að það sé alltaf sól. En klukkutími í einhverjum garði... Þá líður manni eins og að vera í frí.“ Þau benda reyndar á að það geti líka verið óþolandi að hafa ekkert veður og vita fátt betra en góðan, hressilegan, íslenskan

vind. „Og sund. Ég elska líka íslensku sundlaugarnar. Veður og sund. Það er eitthvað,“ segir Einar og hlær.

Fram undan hjá þeim er Blissful lestin sem er komin á fulla ferð enda EP plata á leiðinni. Næstu mánuði eru þau að klára plötuna og munu svo halda sína fyrstu tónleika á Airwaves í nóvember. Svala hefur verið lengi í bransanum og hefur lifað tímana tvenna. Hún segir að hver sem er geti gefið út sína eigin tónlist og fagnar þeim breytingum sem hafa orðið á bransanum. „Það sem er æðislegt við þessa þróun er hvað margir geta gefið út sína eigin tónlist án plötufyrirtækis. Það skiptir engu hvernig þú lítur út, hvaða bakgrunn þú hefur, hvað þú ert gamall o.s.frv. Allir eiga tækifæri á að gefa út sína eigin tónlist og það er frábært, því áður fyrr varðstu að vera á samningi hjá plötufyrirtæki og þurftir stundum að líta út á sér-



HÉR ERU FJÖLMARGIR AÐ GEFA ÚT SÍNA EIGIN TÓNLIST OG MARGIR HVERJIR ALVEG HREINT ÚT SAGT FRÁBÆRIR. ÓTRÚLEG GRÓSKA Í GANGI OG MIKIÐ SJÁLFSTÆÐI Í TÓNLISTARMÖNNUM OG ÉG BER MIKLA VIRÐINGU FYRIR ÞVI.

stakan hátt og fara í gegnum allt þetta ferli. Tikka í ákveðin box.

Í dag þarftu þess ekki. Mér finnst það frábært og nærtækasta dæmið er auðvitað hér á Íslandi. Hér eru fjölmargir að gefa út sína eigin tónlist og margir hverjir alveg hreint út sagt frábærir. Ótrúleg gróska í gangi og mikið sjálfstæði í tónlistarmönnum og ég ber mikla virðingu fyrir því. Mér finnst þetta frábær þróun og ég styð þetta heilshugar.

Við höfum verið sjálfstætt starfandi lengi en þar áður var ég alltaf undir hatti stórfyrirtækja, alveg frá því ég var 16 ára. Með Steed Lord náðum við að vera sjálfbær hjóm-sveit í áratug og túra út um allan heim og vera með tónlistina okkar í sjónvarpsþáttum og kvikmyndum og gerðum fatalínu fyrir H&M án þess að vera með neinn bakhjarl og án neins plötufyrirtækis. Við gerðum þetta bara sjálf. Það er auðvitað enginn lykkill að frægð og frama að vera á einhverjum plötusamningi. Maður þarf að vinna að þessu sjálfur að einhverju leyti.“

Indverskur jólamatur

Arið er nánast fullbókað hjá Svölu en hún er að fara að syngja á fjölmörgum jólatónleikum og hlakkar mikið til en síðan ætla þau Einar að ná að slaka aðeins á og njóta lífsins í Los Angeles. „Við hlökkum til að vera heima yfir jólin þar sem við búum í sætri íbúð á fallegum stað og eigum kisu sem heitir Lúsi og það nægir okkur,“ segir Svala og bætir við að upplifun af íslenskum jólum sé stundum svolítið stressandi og auðvitað allt ódrúvisi en í LA. „Síðastliðin ár höfum við notið þess að eyða jólunum í Los Angeles og okkur finnst það yndislegt en auðvitað söknum við þess að vera ekki í fadmi fjölskyldunnar en þar kemur Skype sterkt inn. Við eyðum mjög litlu í gjafir og pöntum bara indverskan mat. Þetta eru voða ljúf jöl hjá okkur og ekkert stress,“ bætir hún við. „Við erum samt ekki með jólatré,“ skýtur Einar inn í. „Fáum okkur tré núna,“ segir Svala ákveðin. „Iss, þú segir þetta alltaf,“ segir Einar og brosir til hennar.

Spurður um önnur verkefni bætir Einar við: „Ég er búinn að vera að skrifa handrit að sjónvarpsseríu síðastliðna mánuði,“ segir hann án þess að depla auga. „Ég er að skrifa seríuna með Elías Kofod vini mínum sem var að klára nám í handritagerð hér í LA. Við hittumst í partii og vorum báðir að segja einhverjar fyndnar persónulegar sögur og urðum skotnir í frásagnarstil hvor annars. Það var búið að blunda lengi í mér að fara að skrifa af alvöru. En við Elías náum ótrúlega vel að vinna saman og höfum góða tilfinningu fyrir þessu sem við erum að skrifa. Ég vil ekki gefa mikið upp hvað sjónvarpsserían er um enda erum við ennþá að skrifa en þetta fjallar í stuttu máli um Íslending sem er búinn að koma sér í vandræði í Los Angeles og fortíðin eltir hann uppi. Svo er ég líka að klára að skrifa stuttmynd,“ bætir hann við eins og það sé bara sjálfsgæður hlutur.

Það er ljóst að þau gera svo margt annað en að búa bara til tónlist.

ÓLEIÐ

LAUGARDAGUR 16. SEPTEMBER 2017

Helgin



Hilda Björk Friðriksdóttir er aðeins tvítug en hefur sýnt hunda í sjö ár. Um helgina tekur hún þátt í alþjóðlegri hundasýningu HRFÍ í reiðhöllinni í Víðidal.

[helgin →6](#)

FYRIR OKKUR



Sérvalið fyrir íslenskar aðstæður.
Kynntu þér úrvalið á gulimidinn.is



Ólafía Ósk var krýnd Ungfrú Ísland 26. ágúst síðastliðinn. „Að vera ungfrú Ísland hefur kennt mér að vera stolt af sjálfri mér og að muna hver ég er.“ MYND/STEFAN

Alltaf verið stelpustelpa

Ólafía Ósk Finnsdóttir er fegursta kona lýðveldisins. Hún elskar kleinuhringi og segir lýsa sér best að hún sé lífsglöð, hláturmild og hamingjusöm. →2

Þórdís Lilja
Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Ég hef alltaf þurft að vera skvís. Það er meðfætt. Og verið mikil stelpustelja," segir Ólafía Ósk Finnsdóttir, nýkrýnd fegurðardrottning Íslands.

„Sem litil stúlka þótti mér skemmtilegast að punta mig og vera fin, og ég elskaði glimmerkjóla. Ég stalst í málningardótið hennar mómmu, varalitaði mig og naglakkaði, og lék mér dagana langa með Barbie dúkkur sem ég klæddi upp í eigin hönnun sem ég bjó til úr efnisendum og fleiru sem féll til.“

Ungfrú Ísland segist þó aldrei hafa uppgötvað að hún væri sæt.

„Ég var langt í frá sætasta stelpun í bekknum og var lítið fyrir athyglina, enda róleg og litillát að upplagi. Því kom mörgum á óvart að ég skyldi enda í fegurðarsamkeppni þar sem kastljósið skín á mann, sem og að mér hafi líkað það svona vel. Ég hef alla tíð fylgst með þessum keppnum og ákvað að slá til því mig langaði að prófa eitthvað nýtt og öðlast meiri sjálfstýrkingu. Það var ótrúlega góð lífsreynsla og kom mér sannarlega í opna skjöldu að vinna.“

Ólafía Ósk tók einnig þátt í keppninni Miss Universe Iceland í fyrra.

„Þá var ég helst til of ung en nú er ég orðin miðaldra í þessum bransa, ef svo má segja," segir hún og hlær. „Ég lenti þar á topp tíu en reynslan kom sér vel nú. Ég mæli hiklaust með fegurðarsamkeppnum fyrir allar stelpur sem langar að prófa því maður uppsker góða vináttu og dýrmæta lífsreynslu.“

Sönn og hjartahlý

Fegursta kona Íslands fæddist í Reykjavík 15. nóvember 1997. Hún er uppalin í Grafarvogi en hefur sterkar taugar til Akureyrar þangað sem hún fer tíðum til móðurömmu sinnar og afa.

„Ég verð tvítug í Sanya í Kína þar sem Miss World fer fram 18. nóvember. Foreldrar mínir fylgja mér utan svo ég verð örugglega ekki ein á afmælisdaginn. Dagskráin verður þó stíf allan tímann svo ég fagna stórafmælinu sennilega með 130 öðrum fegurðardrottningum, sem er nú ekki amalegt," segir hún full tilhlökkunar.

Beðin um að lýsa sjálfri sér svarar Ólafía: „Ég er hamingjusöm, lífs-glöð og brosmild. Það lýsir mér best. Hamingjusöm vegna þess að ég er ánægð að vera ég. Um leið og maður nær því að vera sáttur við sjálfan sig fylgir vellíðan í kjölfarið. Fegurðin ein og sér skapar ekki hamingjuna. Það sem býr



„Það hafa margir hrósað mér fyrir að vera einlæg. Mér þykir vænt um það. Ég vil vera einlæg og þykir það góður mannkostur," segir Ólafía Ósk, spurð um það fegursta sem henni hafi borist til eyrna um hana sjálfa. MYND/STEFÁN

innra með manni skapar sanna hamingju.“

Og ungfrú Ísland segist í engu breytt þótt hún beri nú tilkomumikinn titil.

„Ég er enn sú sama og ég var, en hef nú nýju verkefni að sinna. Ég vil sannarlega vera góð fyrirmynd fyrir hvern sem er. Góð fyrirmynd er í mínum huga sönn og hjartahlý manneskja sem er lífsglöð og gefur af sér.“

Vill hjúkra og hugga

Þegar Ólafía var litil ætlaði hún að verða fatahönnuður eða hjúkrunarfræðingur.

„Ég varð strax einbeitt í þessu starfsvali og það hefur ekkert

breyst. Ég fór í fatahönnunarnám í Tækniskólanum eftir grunnskóla og þaðan í sjúkraliðanám við Fjölbautaskólann í Ármúla. Þegar því lýkur ætla ég í hjúkrunarfræði, en mig langar að hafa fatahönnunina sem áhugamál eða hliðargrein.“

Sem stendur starfar Ólafía í farþegaafgreiðslu Icelandair á Keflavíkurflugvelli.

„Það er skemmtileg vinna en auðvitað á ég mér líka flugfreyjudrauma. Ég er bara ekki orðin nógu gömul til að sækja um," segir hún og hlær við.

Áður starfaði Ólafía á Alzheimers- og heilabilunardeild hjúkrunarheimilisins Sóltúns.

„Mér fannst áhugavert að fá

Ég veit að fólk deilir um keppnina og allir mega hafa sína skoðun. Mér finnst að hver og einn megi gera það sem hann vill.

innsýn í þann erfiða heim aldraðra og það ýtti enn undir áhuga minn á hjúkrun. Samhliða starfi mínu í Sóltúni vann ég á frístundaheimili sem stuðningsfulltrúi stúlku með CP-hreyfihömlun, sem var yndislega gefandi. Ég er andlega sterk og er vonandi styrkur þeim sem á honum þurfa að halda. Það fyllir mig vellíðan að geta gert gagn.“

Í frístundum þykir Ólafía gott að bregða sér úr bænum.

„Fjölskylda kærasta míns rekur búskap og ferðaþjónustu í Úthlíð í Biskupstungum þangað sem mér finnst gott að fara og ég reyni að komast til Akureyrar þegar ég get. Mér finnst gott að kúpla mig út úr borgaryrnum og taka lífinu með ró í sveitakyrröinni.“

Kærastinn stoltur

Ungfrú Ísland er lofuð. Sá heppni er Unnar Geir Þorsteinsson úr Árbænum.

„Við kynntumst fyrir tæpum þremur árum í Tækniskólanum þar sem hann er að ljúka námi í rafvirkjun. Unnar spilaði lengi vel fótbolta með Fylki og æfir enn með Elliða, undirliði Fylkis," útskýrir Ólafía en er ekki með skýringu á reidum höndum þegar hún er spurð hvað sé málið með fegurðardrottningar og fótboltamenn.

„Það er að visu rétt að fegurðardrottningar falla fyrir fótboltamönnum og öfugt, en ætli það sé ekki sameiginleg ævintýramennska, ferðaprá, keppnissskap og áhugi á heilsurækt sem kyndir undir ástum þeirra.“

Að sögn Ólafíu þarf kærastinn ekki að hafa neitt annað til að bera en að vera einmitt hann og enginn annar.

„Honum þykir þetta auðvitað skemmtilegt, er stoltur af sinni konu og spenntur fyrir framhaldinu. Hann verður í jólaprófunum á sama tíma og Miss World fer fram í Kína og það er meira en að segja það að stinga af frá þeim. En hann fylgist grannt með heima.“

Anna Lára Orłowska, ungfrú Ísland 2016, er helsta fyrirmynd Ólafíu meðal íslenskra fegurðardrottninga.

„Við Anna Lára urðum góðar vinkonur þegar við unnum saman á frístundaheimilinu Stjórnulandi í Grafarholti. Það er auðvitað

skemmtileg tilviljun að við báðar séum handhafar þessarar fallegu kórónu. Anna Lára gaf mér í vega-nesti að vera ég sjálf í þessari keppni og njóta ferðarinnar. Vitaskuld var ekki fyrirsjáanlegt að ég myndi vinna og því yndislega fallett augnablik vináttu og væntumþykju þegar hún tók kórónuna af sínu höfði til að krýna mig henni sem nýja ungfrú Ísland.“

Nýorðin ungfrú Ísland kveðst Ólafía ekki hafa upplifað fordóma annarra í garð fegurðarsamkeppni.

„Ekki á eigin skinni, nei. Ég veit að fólk deilir um keppnina og allir mega hafa sínar skoðanir. Mér finnst að hver og einn megi gera það sem hann vill. Við erum öll ólík og það er í besta lagi. Keppnin hafði góð áhrif á mig og var fyrst og fremst uppbyggileg. Hún jók sjálfs-traust mitt og vann bug á óöryggi mínu við að koma fram.“

Getur hrist augasteinana

Náttúruleg fegurð þarf vissulega að vera til staðar hjá fegurstu konu Íslands og segist Ólafía oftast en ekki fara úr húsi ómáluð.

„Mitt fegurarráð er að halda sér heilbrigðri og hraustri. Það leynir sér ekki á útliti manns þegar vellíðan skín í gegn. Ég æfði fimleika með Ármanni í tíu ár en þurfti að hætta þegar ég meðiddi á ökkla. Síðan hef ég stundað almenna líkamsrækt og liður best þegar ég hreyfi mig. Ég reyni líka að borða hollt en fæ mér súkkulaði þegar mig langar til," segir Ólafía sem rétt komst heim undan fellibylnum Irmu eftir sumarleyfi í Flórída fyrr í mánuðinum.

„Minn helsti veikleiki er kleinuhringir. Ég elska kleinuhringi og naut mín þess vegna sérstaklega vel í gösenlandi kleinuhringjanna í Ameríku. Ég á það til að lauma mér á kleinuhringjastaðina hér heima og í verslun 10/11 í Leifstöð er Dunkin' Donuts. Eftir langar vaktir er stundum erfitt að labba þar fram-hjá án þess að fá sér kleinuhring, en ég reyni að hemja mig," segir hún hláturmild.

Í keppninni Miss World dugar fegurðin ekki ein og sér heldur þurfa fegurðardrottningar heimsins að sýna hæfileika sína.

„Mörgum gæti komi á óvart að ég geti hrist í mér augasteinana, en það geta svo sem fleiri. Ég er með latt auga og á að ganga með gleraugu, en hef ekki verið nógu dugleg að nota þau. Ætli ég sýni ekki dansatriði með fimleikaívafi í Kína? Atriðið þarf að hitta í mark, en ég reikna síður með að fara í flikk flakk eða heljarstökk," segir sú allra fegursta og skellir upp úr.

Fylgstu með Ólafíu á Snapchat og Instagram undir olafiaosk.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í forni viðtala og um-fjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnar-efni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Útgefandi:
365 miðlar
Ábyrgðarmaður:
Svanur Valgeirsson

Umsjónarmenn efni: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solvelg@365.is, s. 512 5351 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357

Sólumenn: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

FYRIRTÆKJAGJAFIR

Sérblað um jólagjafir fyrirtækja til starfsmanna og viðskiptavina kemur út 30. september.

Í þessu blaði er hægt að kaupa auglýsingar sem og kynningar.

Áhugasamir hafi samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson
Sími/Tel: +354 512 5429
jonivar@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ





Fyrir líkama & og sál



Túrmerik hefur í aldaraðir verið notað sem krydd í matargerð. Fjöldi landa í Asíu þekkja einnig vel heilsubætandi áhrif kryddsins, en túrmerik hefur þar verið notað sem lækningajurt í þúsundir ára.

Guli miðinn býður nú upp á nýja og endurbætta bæti-efnablöndu: 100% lífrænt túrmerik með svörtum pipar, eða curcuma longa og piper nigrum. Upptaka og nýting líkamans á heilsubætandi eiginleikum túrmeriks eykst sé það tekið með svörtum pipar. Blandan inniheldur engin auka- eða fylliefni.

Túrmerik, eða curcumin, er þekkt fyrir öflugan bólgueyðandi eiginleika sína og rannsóknir á áhrifum þess hafa sýnt að það vinnur gegn bólgum í líkamanum, liðagigt, upppembu og iðraólgu.

Vítamín og bætiefni Gula miðans eru sérstaklega valin og þróuð fyrir Íslenskar aðstæður. Þess vegna hefur Guli miðinn verið hluti af daglegu lífi Íslendinga í 25 ár. Þú færð lífrænt túrmerik með svörtum pipar á öllum helstu sölustöðum Gula miðans.



Kynntu þér úrvalið á gulimidinn.is


Ráðlagt að prófa Femarelle

Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Það er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa og hefur hjálpað mörgum konum.

Virkni Femarelle hefur verið staðfest með fjölda rannsókna á undanföllum þrettán árum. Dalla Gunnlaugsdóttir kynntist Femarelle árið 2014 eftir að hafa gengið í gegnum óþægindi af völdum breytingaskeiðs. „Óþægindin voru hitakófi, þreyta, miklar skapsveiflur og svefntruflanir. Ég talaði um þessa vanlíðan mína við heimilislækni og hann benti mér á Femarelle þar sem ég vildi ekki hormóna. Eftir tvær vikur leið mér miklu betur, hitakófin hurfu, ég svaf betur og skapið varð jafnara. Í dag get ég ekki án Femarelle verið. Fólki í kringum mig finnst ég allt önnur og finnur mikinn mun á skapinu hjá mér. Í dag er ég í meira en fullri vinnu ásamt því að stunda nám. Sem sagt, Femarelle færði mér aukna orku,“ segir Dalla og brosir.

Betra skap og liðan

Guðrún Ragna Ólafsdóttir prófaði Femarelle fljótlega eftir að það kom á markað fyrir þremur árum. „Þegar ég komst á breytingaskeiðið fékk ég hormóna hjá læknum sem fóru ekki vel í mig þannig að ég ákvað að prófa Femarelle. Ég get ekki líkt liðan minni eftir að ég ákvað að prófa Femarelle við liðanina áður. Ég er með gigt og hef verið á lyfjum við gigtinni og mörg lyfin fara ekki of vel með mig. Núna er ég betri í skapinu og liður miklu betur við að nota Femarelle,



Dalla segist ekki geta verið án Femarelle.

miðað við það hvernig mér leið á hormónunum. Ég er ekki sama manneskja eftir að ég kynntist Femarelle,“ segir Guðrún Ragna.

Femarelle er öruggur kostur

Rannsóknir hafa sýnt að Femarelle örvar estrógenema í staðbundnum vef, slær á einkenni tíðahvarfa og styrkir bein, án þess að hafa nokkur neikvæð áhrif á vef í

móðurlífi eða brjóstum. Femarelle eykur beinþéttni og viðheldur heilbrigði beina en hefur ekki áhrif á blóðstorknun. Til viðbótar við sannaða virkni hafa rannsóknir einnig sýnt fram á öryggi.

Vörurnar fást í öllum apótekum, heilsværslunum og heilsuhillum. Stórmarkaða.

Heilbrigð melting með Active Liver

Þegar lífinu er lifað til fulls er auðvelt að finna fyrir því og það sést á fólki. Dagsdaglega leiðir fólk almennt ekki hugann að lifrinni. Hún gegnir þó mikilvægu hlutverki varðandi efnaskipti og niðurbrot á fitu. Of mikið af kolvetnum, of mikið áfengi og feitur matur veldur miklu álagi á starfsemi lifrarinnar og gallsins. Matur, sem neytt er nú á dögum, inniheldur meira af kolvetnum en matur sem forfedur okkar neyttu. „Við erum ekki vön þeim. Of stór skammtur af kolvetnum miðað við prótein gerir lifrinni erfitt að viðhalda eðlilegum efnaskiptum og niðurbroti á fitu. Sem betur fer eru það ekki einungis prótein sem geta örvað lifrarstarfsemi,“ útskýrir Ólóf Rún Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri.

Active Liver inniheldur náttúrulegu jurtirnar túrmerik og svartan pipar. Einnig ætíðistil og mjólkurpistil sem eru þekktir fyrir að stuðla að eðlilegri starfsemi lifrarinnar og gallsins. Einnig inniheldur Active Liver kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum, viðheldur eðlilegri starfsemi lifrarinnar og stuðlar að eðlilegum efnaskiptum að því er varðar amínósýruna hómósýstein.



Active Liver virkar vel fyrir Jónu.

Góður árangur

Jóna Hjálmsdóttir hefur notað Active Liver í nokkra mánuði með góðum árangri. „Ég ákvað að prófa Active Liver eftir að ég sá að það er úr náttúrulegum efnum og ég hef fulla trú á að náttúruvefnum í vörnunni stuðli að eðlilegri lifrarstarfsemi. Ég er sjúkraliði að mennt og er meðvítuð um líkamsstarfsemi og veit að fita getur safnast á lifrina, þess vegna vildi ég prófa.“

Hún segist fljótt hafa fundið mun á sér. „Ég fékk fljótlega aukna orku og mér finnst auðveldara að halda mér í réttu þyngd, enda inniheldur Active Liver kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum. Ég er í vinnu þar sem ég þarf að vera mikið á ferðinni, ég er í góðu formi, og hef trú á að Active Liver virki fyrir mig. Einnig finn ég mikinn mun á húðinni, hún ljómar meira og er mýkri. Ég er mjög ánægð með árangurinn og mæli með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um að halda meltingunni góðri,“ segir Jóna. Starfsemi lifrarinnar hefur mikið að segja um líkamlegt heilbrigði og hefur lifrin mikla þýðingu fyrir efnaskiptin.



Frábær virkni af Bio-Kult

Þegar Ragna Lóa Stefánsdóttir kom heim frá Marokkó var hún með slæma magakveisu og leið illa. Hún fór til læknis sem gaf henni lyf við kveisunni. „En það var eins og ég næði mér ekki alveg af magakveisunni og ákvað því að prófa Bio-Kult Original þar sem ég hafði heyrt svo gott af því áður,“ segir Ragna Lóa.

Mælir með Bio-Kult

Árangurinn lét ekki á sér standa og fann Ragna Lóa ótrúlega fljótt mun eftir að hafa tekið Bio-Kult í nokkra daga. „Ég hef fundið að með aldrinum þá verð ég viðkvæmari í maganum og það er ekki sama hvað ég borða, ég þarf að passa betur upp á mataræðið til að halda meltingunni í lagi. Bio-Kult Original kemur þar sterkt inn fyrir mig því mér finnst að meltingin sé betri og ég finn að það gerir mér gott,“ lýsir hún og bætir við að það eigi sérstaklega við þegar fólk sé undir álagi því þá eflir Bio-Kult varnir líkamans. „Ég mæli með Bio-Kult Original, það hefur reynst mér mjög vel.“

Gott fyrir meltinguna

Margrét Alice Birgisdóttir heilsmarkþjálfari mælir með því við viðskiptavinum sína að þeir fái meltingu sína góða. „Mér finnst sérstaklega mikilvægt að meltingarfarir starfi eins og þau eiga að gera. Ef bakteríuflóra líkamans er í ójafnvægi starfar hann ekki eins og hann á að gera. Bio-Kult hefur reynst afar vel til að bæta starfsemi meltingarinnar. Ég mæli heilshugar með Bio-Kult, bæði Candéa með hvítlauk og grape seed extract og með Bio-Kult Original, báðar tegundir hafa reynst mér vel,“ segir Margrét.



Ragna Lóa fann ótrúlega fljótt mun á sér eftir að hafa tekið Bio-Kult í nokkra daga. MYND/STEFÁN



Margrét finna mikinn mun á meltingunni þegar þeir taka inn Bio-Kult.

Bio-Kult fyrir alla

Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og grape seed extract. Bio-Kult Candéa-hylkin virka sem vörn gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla og sem vörn gegn sveppasýkingu á viðkvæmum svæðum hjá konum.

Bio-Kult Original er einnig öflug blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflórana. Bio-Kult

Candéa og Bio-Kult Original henta vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaþol má nota vörurnar.

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsværslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

Vörurnar fást í öllum apótekum, heilsværslunum og heilsuhillum stórmarkaða.



Þetta sùkkulaði er fyrir vandláta sælkerá.

Heimagert hnetusùkkulaði

Hver vill ekki gera vel við sig um helgar? Þetta sùkkulaði er fyrir vandláta og fer vel í skál eftir góða steik eða annan veislumat.

200 g dökkt sùkkulaði

Trönuber

Pistasíuhnetur

Gøjiber

Valhnetur

Appelsínubörkur

Sjávarsalt

Bræðið sùkkulaðið við vægan hita yfir vatnsbaði. Setjið bökunarappír á plötu sem kemst í ísskáp eða frysti og hellið sùkkulaðinu yfir. Dreifið gróft söxuðum pistasíum, valhnetum, gøjiberjum, trönuberjum og kókosflögum yfir áður en sùkkulaðið harðnar. Eins er gott að raspa appelsínubörk og annað sem hugurinn gírnist yfir. Toppið með örlitlu sjávarsalti.

Látið standa í ísskáp eða frysti þar til sùkkulaðið er orðið hart og hægt er að brjóta það í hæfilega bita. Berið fram í fállegri skál.



Sjóðheitt og mýkjandi te í hálsinn.

Túrmerikte við haustkvefinu

Túrmerik og engifer hafa lengi þótt verka vel í baráttunni við flensu og kvef, kvilla sem elta okkur uppi þegar kólna fer í veðri. Á síðunni thekitchen.com er að finna einfalda uppskrift að heitum túrmerikdrykk sem er góður í hálsinn.

1 bolli vatn

¼ tsk. mulið túrmerik

¼ tsk. mulið engifer

Sletta af mjólk eða soja mjólk

Hunang eða hlýnsiróp til bragðbætis

Hellið vatninu í lítinn pott og látið suðuna koma upp. Bætið túrmerik og engifer út í, lækkið hitann og látið malla í tíu mínútur. Hrærið þá mjólkina saman við. Hellið gegnum sigti í bolla og bætið hunangi við til bragðbætis.



Bláberjabaka um helgina

Æðislega góð bláberjabaka sem upplagt er að útbúa núna þegar enn er hægt að tína bláber úti í náttúrunni.

Það sem þarf

2½ dl hveiti

100 g smjör

2 msk. sykur

1 msk. vatn

½ lítri bláber

½ dl sykur

1 msk. kartöflumjöl

Setjið allt sem á að fara í deigið í matvinnsluvél og hnoðið vel. Pakkið deiginu í plastfilmu og geymið í ísskáp í 30 mínútur. Hitið ofninn í 220°C. Fletjið deigið út og leggið í bökuform. Blandið saman berjum, sykri og kartöflumjöli í skál. Hellið blöndunni yfir bökudeigið. Bakið í 30 mínútur neðarlega í ofni. Lengur ef með þarf, ofnar eru misjafnlega heitir. Berið fram með þeyttum rjóma eða vanillúis.



Nú er upplagt að nota ber í bakstur.



Plastlaus september í Kringlunni laugardaginn 16. september

Á Degi íslenskrar náttúru má læra um plastlausar lausnir, búa til margnota poka, fræðast um strandhreinsun Íslands, ýmsar leiðir við losun sorps, fá gefins margnota poka og fleira.

Tökum skrefið, ekkert einnota plast í september!



Afbökkum rör, plastlok og einnota plastglös.



Komum með margnota mál og eigin ílát til áfyllingar. Æ fleiri staðir bjóða upp á það.



Skilum öllu plasti í endurvinnslu í stað þess að henda því í almennt rusl.



Notum margnota poka, pappakassa, bakpoka eða önnur margnota ílát í stað plastpoka.

Fleiri lausnir á plastlausseptember.is

#plastlaus



Lífsglaðir heimilishundar

Hilda Björk Friðriksdóttir er aðeins tvítug en hefur sýnt hunda í sjö ár. Um helgina tekur hún þátt í alþjóðlegri hundasýningu HRFÍ í reiðhöllinni í Viðidal þar sem hún sýnir hunda úr eigin ræktun.

Sólveig
Gísladóttir
solveig@365.is



Hilda hefur verið einlægur hundaáðdáandi frá unga aldri. „Fjölskyldan eignaðist fyrsta hundinn, enskan springer spaniel, þegar ég var fjögurra ára og síðar blending sem er tíu ára í dag,“ segir Hilda en hundaáhugiinn tók fljótt öll völd, hún sótti í að fara á hundasýningar og lét sig dreyma um að taka þátt. „Síðan náði ég samkomulagi við foreldra mína um að ég fengi að kaupa sýningarhund þegar ég var þrettán ára gegn því að ég sæi um hann sjálf og stæði mig áfram vel í skóla,“ segir Hilda sem fékk þá hvolp úr fyrsta standard schnauzer gotinu á Íslandi.

Hún sótti sýningarnámskeið, kynntist fólki og fór að keppa í flokknum ungir sýnendur en þar eru sýnendur sjálfir dæmdir fyrir hæfni sína í að sýna hundinn.

Þegar fengið tvö got

Áhuginn jókst aðeins með tímanum, Hilda lærði hundasýrtingu og svo fór hugurinn að hneigjast í átt að hundaræktun. Sextán ára gömul flutti hún inn Irish soft coated wheaten terrier tik og




Hilda Björk með fjögurra mánaða Irish soft coated wheaten terrier hvolpana sína, þau Mulan og Nóa. MYND/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ

89%

af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega.



*Fréttablaðið og Morgunblaðið. Heimild: Prentmiðlamæling Gallup apr.-jún. 2017.

Allt sem þú þarft ...



Hilda með Jack, Jóhanna Líf Halldórsdóttir með Finn og Hafdis Jóna Þórarinsdóttir með Blíðu.

tveimur árum síðar hund af sama kyni, og hefur fengið tvö got undan tilkinni síðan. Hvolparnir úr fyrri gotinu eru tveggja ára og úr seinna fjögurra mánaða.

„Við mamma urðum ástfangnar af skapinu í þessu hundakyni. Ég er almennt mjög áhugasöm um terrier hunda sem eru orkumiklir og alltaf til í allt. Það sem wheaten hefur framyfir flesta terrier hunda er hins vegar að hann er meiri heimilishundur og ekki eins ofvirkur. Wheaten er lífsglaður að eðlisfari, ástríkur og nýtur að vera í samvistum við eigendur sína og er mjög húsbóndahollur. Þessir hundar þurfa ekki mjög mikla hreyfingu og aðlagast bara lífsstíl eigandans,“ lýsir Hilda.

Með hunda á fóðurheimilum

Hilda á sjálf sex hunda en aðeins ræktunartíkin á heima hjá henni. „Fyrsti sýningarhundurinn minn býr hjá frænku minni í útlöndum og er orðinn margfaldur meistari. Wheaten rakkinn og þrjár af hvolpunum eru á svokölluðu fóðurheimili. Það þýðir að hundurinn er í raun eins og venjulegur heimilishundur fólksins en hef réttinn á



Hundar af kyninu wheaten terrier eru afar ástríkir og lífsglaðir segir Hilda.

að sýna hundinn og rækta undan honum,“ segir Hilda en bætir við að hún eigi von á að fá aðra tik úr einangrun sem hún er að flytja inn frá Rússlandi. „Hún mun búa hjá mér.“

Sýnir eigin hunda

Hilda hefur í gegnum tíðina sýnt hunda fyrir annað fólk en er að mestu hætt því enda á hún nóg með að sýna sína eigin hunda. Um

helgina tekur hún þátt í alþjóðlegri hundasýningu Hundaræktarfélag Íslands sem haldin verður í reiðhöllinni Viðidal, en 700 hundar af ýmsum kynjum keppa þar um hver verður besti hundur sýningar.

„Ég sýni alla wheaten hundana mína fyrir utan einn,“ segir Hilda sem fær góða aðstoð frá vinkonu sinni og ekki síst foreldrum á sýningum en þau hafa líkt og hún smitast af hundaáhugnum.

Heildsalar og framleiðendur ath.

Duglegur og reynslumikill sölumaður getur bætt við sig verkefnum á Norður- og Austurlandi, bæði við sölu og áfyllingar í verslunum, allt kemur til greina.

Er með sendiferðabíl og lagerhúsnæði á Akureyri til umráða.

Upplýsingar hjá Rúnari síma 848 3256 eða á dreifing@simnet.is

Verslunarstarf

Rafvörumarkaðurinn óskar eftir að ráða starfsmann til almennra verslunarstarfa

Vinnutíminn er frá 09:00 til 18:00 virka daga, og ein til tvær helgar í mánuði. Leitum að heiðarlegum aðila með ríka þjónustulund. Æskilegt er að starfsmaðurinn sé með reynslu af verslunarstörfum og sé reyklus. Góð íslenskukunnátta skilyrði. Um framtíðarstarf er að ræða.

Umsókn og upplýsingar sendist á atvinna@rvm.is fyrir 24. september.



RAFVÖRU MARKAÐURINN

Lágvörverslun með ljós, rafmagnsvörur og verkfæri.
Rafvörumarkaðurinn - Við Fellsmúla - 108 Reykjavík

Hagstofa Íslands er miðstöð opinberra hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk hennar er að vinna hlutlægar hagskýrslur, hafa forystu um samhæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum.



Hagstofa Íslands

Borgartúni 21a · 105 Reykjavík
Sími: 528 1000 · Bréfasími: 528 1099
www.hagstofa.is

Hagstofa Íslands

Hagstofa Íslands óskar eftir því að ráða metnaðarfullan og áhugasaman starfsmann til starfa.

Sérfræðingur við launarannsókn Hagstofunnar

Hagstofan óskar eftir að ráða metnaðarfullan starfsmann til starfa við launarannsókn Hagstofu Íslands. Um er að ræða krefjandi starf við framkvæmd á launarannsókn, greiningu gagna og samstarf við fyrirtæki. Launarannsókn Hagstofu er stærsta launarannsókn sem framkvæmd er á Íslandi og er gagna aflað beint úr hugbúnaðarkerfum fyrirtækja, sveitarfélaga og opinberra stofnana. Rannsóknin er grundvöllur opinberra launatölfræði og gefur mikilvægar upplýsingar um laun og launaþróun í íslensku samfélagi.

Hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði, verkfræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulund
- Mikil greiningarhæfni
- Þekking á launum og kjarasamningum er kostur
- Sjálfstæði, nákvæmni og skipulögð vinnubrögð
- Góð tölvufærni (td. Excel/SQL)
- Reynsla af gagnavinnslu er kostur

Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 25. september 2017 og skulu umsóknir berast til: Starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík eða rafrænt á netfangið starfsumsokn@hagstofa.is.

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar um starfið veita Helga Hauksdóttir og Margrét Kristín Indriðadóttir í síma 5281000.

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is



ERTU LAUS?

Okkur vantar kraftmikið fólk í

- Samsetningu
- Stálsmíði
- Plötulið
- Rafvirkjun
- Lagerstörf

Starfsumhverfið er gott, félagslífið sterkt, íþróttaðstaðan flott og mötuneytið í sérflokki.

Sæktu um á marel.is/storf



» Ráðningarþjónusta

Sölufulltrúi

Verslunarfyritæki á sviði gólfbúnaðar ofl. óskar eftir að ráða sölufulltrúa til starfa í verslun. Vinnutími er frá kl. 09:00 til kl. 18:00 virka daga og annan hvern laugardag frá kl. 11:00 til kl. 15:00. Starfið er fólgið í sölu- og ráðgjöf til viðskiptavina ásamt öðrum tilfallandi störfum.

» Hæfniskröfur

- Rík þjónustulund
- Skipulagshæfileikar og vönduð vinnubrögð
- Góðir söluhæfileikar
- Stundvísi og metnaður í starfi
- Góð almenn tölvukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.



HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

Spennandi starf fyrir kennara

Ferðaskrifstofan Mundo auglýsir eftir kennara og leikskólakennara í hlutastarf til að sinna þjálfunarferðum kennara og starfsfólks. Fullkomið væri að fá leikskólakennara og kennara í sömu manneskjuni. Auglýst er eftir hörkuduglegri sölumannskju með brennandi áhuga á endurmenntun kennara og leikskólakennara. Viðkomandi þarf að vera skipulagður, lipur í samskiptum og sjálfstæður í vinnubrögðum.

MUNDO
www.mundo.is



Nánari upplýsingar hjá margret@mundo.is



Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa

Sérfræðingur í áætlunarteymi með gott vald á upplýsingatækni

Reykjavíkurborg leitar að metnaðarfullum og öflugum liðsmanni í áætlunar- og greiningardeild.

Viðkomandi mun taka þátt í þróun, innleiðingu og notkun á hugbúnaði og tólum til vinnslu fjárhagsáætlunar og stjórnendaupplýsinga. Í því felst m.a. að þróa gagnavinnslu, áætlunarlíkön, árangursmælingar og skýrslur um fjármál borgarinnar. Þá mun viðkomandi fylgja eftir vinnslu launaáætlunar og vinna að reglulegum verkefnum deildarinnar við undirbúning og framsetningu fjárhagsáætlunar.

Helstu verkefni:

- Gott vald á upplýsingatækni og notkun hennar til úrvinnslu gagna og skýrslugjafar
- Rík greiningarhæfni og færni í tölulegri gagnavinnslu
- Þekking á forritun og fyrirspurnartólum er kostur
- Sveigjanleiki, færni og vilji til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt sem og í hópi
- Háskólagráða í viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla úr sambærilegum störfum er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Um er að ræða krefjandi starf í fjölbreyttu rekstrarumhverfi Reykjavíkurborgar. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til og með 2. október nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veitir Halldóra Káradóttir í síma 411-1111 eða í netfangi halldora.karadottir@reykjavik.is.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.



NETTÓ GRANDA

Nettó Granda leitar að öflugum starfskröftum á dagvakt:

- Starfsmönnum á dagvaktir
- Vinnutími 8-17 virka daga og önnur hver helgi eða eftir samkomulagi
- Áfylling inn í búð(umsjón með deild) og almenn afgreiðslustörf

Áhersla er lögð á styrkleika í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð, skipulags-hæfni, reglusemi og árverkni í hvívetna.

Umsóknir sendist á grandi@netto.is
Umsóknarfrestur er til 24. september nk.

Allar nánari upplýsingar veitir:
Guðjón Ólafsson, verslunarstjóri
á staðnum eða í síma: 865-9324



nettó

Arnarlax

Fjármálastjóri

Arnarlax leitar að fjármálastjóra til starfa. Um er að ræða mjög áhugavert starf í ört vaxandi samstæðu með höfuðstöðvar á Vestfjörðum.

Umsóknarfrestur

24. september

Starfssvið

- Fagleg forysta og verkstjórn á daglegum verkefnum fjármálasviðs.
- Umsjón með fjármálum, reikningshaldi, uppgjörum og fjárreiðum.
- Regluleg skýrslugerð til framkvæmdastjóra og stjórnar.
- Ábyrgð á gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana.
- Fjárhagslegar úttektir og greiningar.
- Þátttaka í stefnumótun og ferlagarð á sviði fjármála og fjárreiða.
- Aðstoð við samningagerð og önnur fjármálatengd verkefni.
- Þátttaka í greiningum fjárfestingartækifæra.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/5647

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í viðskiptafræði, hagfræði og framhaldsmenntun er kostur.
- Reynsla af fjármálastjórnun.
- Reynsla af uppgjörum samstæðu.
- Greiningarhæfni ásamt færni í að taka saman upplýsingar og setja þær fram á skilmerkilegan og skýran hátt.
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg og kunnátta í einu. Norðurlandamáli kæmi sér vel.
- Færni í mannlegum samskiptum.



ARNARLAX

Arnarlax er stærsta laxeldisfyritæki á Íslandi og sér frammá umtalsverðan vöxt á næstu árum. Arnarlax er með rúmlega 100 starfsmenn og höfuðstöðvar á Bíldudal. Fyrirtækið hefur vaxið hratt undanfarin ár og áætlað um 10.000 MT framleiðslu af hágæða ferskum laxi í ár. Stór hluti afurðanna er seldur á kröfuharða neytendur á Bandaríkjamarkað en nútíma laxeldi er matvælaframleiðsla á hágæða ferskvöru í mjög samkeppnishæfu alþjóðlegu umhverfi.

Lögfræðingur í kjara- og vinnuréttarmálum

Kjara- og mannauðssýsla ríkisins auglýsir eftir öflugum lögfræðingi í kjara- og vinnuréttarmálum. Kjara- og mannauðssýsla sinnir verkefnum á sviði mannauðsmála ríkisins og er í forystu í starfsþróunarmálum og málefnum stjórnenda. Hún á í miklu samstarfi við öll ráðuneyti og stofnanir ríkisins og er virkur þátttakandi í samstarfi aðila vinnumarkaðarinnar.

Umsóknarfrestur
2. október

Starfssvið

- Þátttaka í mótun og eftirfylgni á stefnu ríkisins í launa- og starfsmannamálum.
- Túlkun laga og reglugerða sem og gerð og framkvæmd kjarasamninga.
- Í starfinu reynir á ráðgjafarhæfni og þjónustu við ráðherra, ráðuneyti og stofnanir í málum er snerta starfskjör og starfsumhverfi starfsmanna ríkisins. Lögfræðingurinn situr jafnframt sem fulltrúi ráðuneytisins í stjórnnum og nefndum.

Upplýsingar og umsókn
capacent.is/s/5682

Menntunar- og hæfniskröfur

- Embættis- eða meistaraþróf í lögfræði er skilyrði.
- Þekking og reynsla á sviði vinnuréttar og kjaramála.
- Reynsla af opinberri stjórnslu er æskileg.
- Rík samskiptahæfni og uppbyggilegt viðmót.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og hæfileikar til að vinna í teymum.
- Lausnamiðuð og gagnrýnin hugsun.
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti er skilyrði.
- Kunnátta í einu Norðurlandamáli er kostur.



Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur með höndum virka stjórn mannauðsmála ríkisins og er leiðandi í umbótum og nýsköpun í rekstri ríkisins

Á kjara- og mannauðssýslu eru nú 12 störf en í ráðuneytinu öllu eru um 85 starfsmenn.

Áhugasamir einstaklingar eru hvattir til að sækja um. Æskilegt er að viðkomandi hefji störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar eru á starfatorg.is og á heimasíðu Capacent.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Webmaster and UI/UX Designer **zizera**

EC Software has an opening for Webmaster / content strategist and UI/UX designer.

With applications kindly provide a portfolio of earlier work. Additional information and access into ZIZERA is readily available.

WEBMASTER / CONTENT STRATEGIST

Main tasks:

- The ZIZERA Webmaster is a partner with product team, developers, project managers and account managers.
- Works closely with company resources and contractors working around the world.
- Cooperates with technical writers, authors of support material, account managers, sales & marketing team.

Information and application

capacent.is/s/5643

Requirements:

- ZIZERA Webmaster is required to have a track record of website creation, content writing and editing online content.
- The ZIZERA Webmaster is preferred to have an understanding of website creation tools and professional background in site creation and administration.
- It is preferred that ZIZERA Webmaster has English as mother-tongue or is fluent in verbal and written English.

UI/UX DESIGNER

Main tasks:

- UI Designer at EC Software is an active partner in product development of ZIZERA – the online content management platform.
- The designer works with a team of system architects, development managers, developers, project managers and other stakeholders and has critical input into product roadmap decisions.
- The product development team members are located around the world and are both internal and external.

Information and application

capacent.is/s/5635

Requirements:

- The ZIZERA UI designer is required to have a proven track record of successful UI design of a product in active use and relevant educational background for professional approach in online product development.
- All communication is in English. Fluent English verbal and written is a must.

The ZIZERA CONTENT MANAGEMENT PLATFORM is a unique IT environment to build economic and streamlined webs, automatically generate apps for webs and handheld devices, generate automatically or from scratch online content into apps, manage content and marketing assets, handle live launches, pushes, handle change management.

Application deadline
24. september

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

capacent

www.capacent.is

BÝR Í ÞÉR RÁÐGJAFI OG SÖLUMAÐUR?

Valitor er framsækið þjónustufyrirtæki á sviði greiðslumiðlunar og greiðslulausna. Valitor starfar á innlendum og erlendum vettvangi í nánú samstarfi við fjártæknifyrirtæki (fintech) í fremstu röð. Um 350 starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu á starfsstöðvum þess á Íslandi, Danmörku og Bretlandi.

Valitor óskar eftir að ráða sölufulltrúa í fullt starf á Fyrirtækjasviði Valitor á Íslandi.

Við erum að leita að einstaklingi sem er markmiðsdrifinn, vandvirkur, nákvæmur og býr yfir afburða samskiptahæfileikum.

Starfssvið:

